

<b>FORMÁLI</b>	<b>5</b>
<b>I. IÐNAÐUR OG NÝSKÖPUN</b>	<b>6</b>
<b>1. Inngangur</b>	<b>6</b>
<b>2. Helstu nýmæli</b>	<b>7</b>
Nýsköpun í upplýsingasamfélagi - stefnumótun - Nýsköpun í upplýsingasamfélagi - aðgerðir - Nýskipan í starfsemi rannsóknastofnana atvinnulífsins - Átak til atvinnusköpunar - Stuðningur við atvinnuþróun á svæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju - Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins - Útrás til austurstrandar Norður-Ameríku	
<b>3. Önnur mál</b>	<b>11</b>
<b>II. AUÐLINDIR OG ORKUNÝTING</b>	<b>12</b>
<b>1. Inngangur</b>	<b>12</b>
<b>2. Helstu nýmæli</b>	<b>12</b>
Aukin verkefni á sviði stóriðju: - Íslenska álfélagið - Íslenska járnblendifélagið - Norðurál - Nýting auðlinda í jörðu - Olíuleit - Endurskoðun orkulaga - Viðræður eigenda um framtíð Landsvirkjunar - Breytt hlutverk Orkusjóðs - Leit að jarðhita á köldum svæðum - Átak til að draga úr orkunotkun við hitun húsnæðis	
<b>3. Önnur mál</b>	<b>18</b>
<b>III. SAMKEPPNIS-, NEYTENDA- OG VIÐSKIPTAMÁL</b>	<b>19</b>
<b>1. Inngangur</b>	<b>19</b>
<b>2. Helstu nýmæli</b>	<b>19</b>
Samkeppnismál - Heildarstefna í neytendamálum - Frumvarp til laga um lausafjárkaup - Frumvarp til laga um þjónustukaup - Löggjöf um innheimtu - Aðgerðir til að draga úr persónuábyrgðum og auðvelda greiðslumat - Frumvarp til laga um lagaskil á sviði samningaréttar - Félagaréttur - Löggildingarstofa - skilvirkir og öruggt eftirlit	
<b>3. Önnur mál</b>	<b>24</b>
<b>IV. FJÁRMAGNSMARKAÐUR OG FJÁRFESTINGARMÁL</b>	<b>25</b>
<b>1. Inngangur</b>	<b>25</b>
<b>2. Helstu nýmæli</b>	<b>26</b>
Ríkisviðskiptabankarnir og fjárfestingarlánasjóðir - Sala banka í eigu ríkisins - Nýtt og sterkara fjármálaeftirlit - Ný löggjöf um kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði - Stuðlað að pappírslausum verðbréfavíðskiptum - Erlend fjárfesting stóreykst	
<b>3. Önnur mál</b>	<b>29</b>

<b>V. YFIRLIT YFIR ÞINGMÁL</b>	<b>30</b>
<b>1. Þingmál - iðnaður og nýsköpun</b>	<b>30</b>
Lög nr. 135/1995 um breytingu á lögum nr. 76/1987 um Iðnlánasjóð	
Lög nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum	
Lög nr. 36/1996 um breytingu á lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, lögum um vörumerki nr. 47/1968 og lögum um hönnunarvernd nr. 48/1993	
Lög nr. 63/1996 um breytingu á lögum nr. 9/1970 um Iðnþróunarsjóð	
Lög nr. 81/1996 um breytingu á lögum nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald	
Lög nr. 91/1996 um breytingu á lögum nr. 36/1996, um breytingu á lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, lögum um vörumerki nr. 47/1968 og lögum um hönnunarvernd nr. 48/1993	
Lög nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga	
Lög nr. 40/1997 um breytingu á iðnaðarlögum nr. 42/1978	
Lög nr. 45/1997 um vörumerki	
Lög nr. 132/1997 um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi	
<b>2. Þingmál - auðlindir og orkunýting</b>	<b>32</b>
Lög nr. 155/1995 um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík	
Lög nr. 9/1997 um breytingu á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun	
Lög nr. 62/1997 um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga	
Lög nr. 64/1997 um breytingu á lögum nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði	
Lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu	
Skýrsla um framgang verkefna á sviði stóriðju	
Tillaga til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála	
<b>3. Þingmál - samkeppnis-, neytenda- og viðskiptamál</b>	<b>34</b>
Lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu	
Lög nr. 155/1996 um Löggildingarstofu	
Lög nr. 20/1997 um breytingu á lögum nr. 69/1994 um sölu notaðra ökutækja	
Lög nr. 23/1997 um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis	
Lög nr. 131/1997 um breytingu á lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög	
Lög nr. 35/1997 um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög	
Lög nr. 116/1997 um breytingu á lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög	
Lög nr. 117/1997 um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög	
Lög nr. 28/1998 um verslunaratvinnu	
Skýrsla viðskiptaráðherra um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum	
<b>4. Þingmál - fjármagnsmarkaður og fjárfesting</b>	<b>36</b>
Lög nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti	
Lög nr. 21/1996 um breytingu á lögum nr. 10/1993 um verðbréfasjóði	
Lög nr. 22/1996 um breytingu á lögum nr. 11/1993 um Verðbréfaþing Íslands	
Lög nr. 20/1996 um breytingu á lögum nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði	
Lög nr. 39/1996 um breytingu á lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði	
Lög nr. 46/1996 um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 með síðari breytingum	
Lög nr. 131/1996 um breytingu á lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar	
Lög nr. 162/1996 um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996-1999 og nýs lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéraðum Norðurlandanna	
Lög nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands	

Lög nr. 60/1997 um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.  
 Lög nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins  
 Lög nr. 63/1997 um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994  
 Lög nr. 131 um rafræna eignarskráningu verðbréfa  
 Lög nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða  
 Lög nr. 35/1998 um breytingu á lögum nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti  
 Lög nr. 39/1998 um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar  
 Lög nr. 36/1998 um breytingu á lögum nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands  
 Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi  
 Lög nr. 84/1998 um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit  
 Lög nr. 88/1998 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986  
 Lög nr. 94/1998 um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti nr. 13/1996, sbr. lög nr. 35/1998  
 Skýrsla viðskiptaráðherra um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis

## **VI. STARF VERKEFNANEFNDA 40**

### **1. Verkefnanefndir - iðnaður og nýsköpun 40**

Nefnd um samkeppnisstöðu innlendarar framleiðslu  
 Nefnd um LMF og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs  
 Nefnd um stefnumótun upplýsingasamfélagsins  
 Endurskoðun laga um Rafmagnseftirlit ríkisins  
 Endurskoðun á ákvæðum einkaleyfalaga  
 Nefnd um endurskoðun á ákvæðum vörumerkjalaga  
 Nefnd um samkeppnishæfni sauma- og þrjónastofa  
 Nefnd um sóknarfæri íslensks tónlistariðnaðar  
 Nefnd um rekstrarumhverfi kvikmyndaiðnaðar  
 Nefnd um aukinn útflutning á vörum sem tengjast íslenska hestinum  
 Aukin endurnýting hjólbarða  
 Nefnd um hugbúnaðargerð ríkisins  
 Nefnd um ytri skilyrði hugbúnaðariðnaðar  
 Nefnd til að undirbúa setningu sérlaga um plöntuvernd  
 Nefnd um úrvinnslu málma frá stóriðjuverum  
 Nefnd um stuðning við atvinnurekstur kvenna  
 Nefnd um samkeppnisstöðu íslensks lyfjaiðnaðar  
 Einkaleyfi og samkeppnishæfni Íslands  
 Nefnd um fyrirkomulag rafmagnsöryggismála  
 Nefnd um hugsanlega fjárfestingu og starfsemi kvikmyndaframleiðandans  
 Miramax/Dimension hérlendis

### **2. Verkefnanefndir – auðlindir og orkunýting 46**

Nefnd um mannaflapörf vegna stóriðju  
 Nefnd um eignarrétt á auðlindum í jörðu og rétt til virkjana fallvatna  
 Nefnd um endurskoðun á starfsemi Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar  
 Viðræðunefnd eignaraðila Landsvirkjunar um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins  
 Nefnd um endurskoðun orkulöggjafar  
 Nefnd um olíuleit við Ísland  
 Nefnd um lækun húshitunarkostnaðar  
 Nefnd um orkukostnað notenda smærri hitaveitna  
 Nefnd um nýtingu innlendra orkugjafa  
 Viðræðunefnd við Daimler-Benz um tilraunir með vetni sem orkugjafa

<b>3. Verkefnanefndir – samkeppnis-, neytenda- og viðskiptamál</b>	<b>50</b>
Nefnd til að semja frumvarp til laga um þjónustukaup	
Nefnd til að semja frumvarp til laga um innheimtustarfsemi	
Nefnd um opinber fyrirtæki í samkeppni við fyrirtæki á frjálsum markaði	
Nefnd um veitingu ábyrgða	
Nefnd til að semja frumvarp til laga um verslunaratvinnu	
Nefnd til að semja reglugerð um sölu notaðra ökutækja	
Nefnd um stefnumörkun í málefnum neytenda	
<b>4. Verkefnanefndir – fjármagnsmarkaður og fjárfesting</b>	<b>51</b>
Nefnd til að semja reglur um hámarksvexti á líftryggingaskuldbindingum	
Nefndir um hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna	
Nefnd um endurskoðun á lögum um erlenda fjárfestingu	
Nefnd um markaðssetningu íslenskra verðbréfa erlendis	
Nefnd um heimfærslu EES-réttar á váttryggingasviði	
Nefnd um viðskiptahætti á skuldabréfamarkaði	
Nefnd til að semja reglugerðir um ársreikninga váttryggingafélaga og líftryggingafélaga	
Nefnd um stofnun verðbréfamiðstöðvar	
Nefnd um samningu reglugerða um miðlun váttrygginga	
Nefnd um endurskoðun eftirlits með fjármálastofnunum	
Nefnd um endurskoðun á lögum um Verðbréfaþing Íslands	
Nefnd um stöðu og hlutverk sparisjóðanna	
Nefnd um endurskoðun laga um verðbréfasjóði	
Nefnd um undirbúning að stofnun hlutafélags um VÞÍ	
Nefnd um verðtryggingarstefnu stjórnvalda	
Nefnd um tryggingakerfi fyrir fjárfesta	
<b>VII. YFIRLIT YFIR ÚTGÁFUR</b>	<b>56</b>
<b>1. Iðnaður og nýsköpun</b>	<b>56</b>
<b>2. Auðlindir og orkunýting</b>	<b>56</b>
<b>3. Samkeppnis-, neytenda- og verslunarmál</b>	<b>57</b>
<b>4. Fjármagnsmarkaður og fjárfesting</b>	<b>57</b>

# Formáli

Þau rösku þrjú ár sem liðin eru af kjörtímabilinu hafa verið óvenju viðburðarík og væntanlega er ekki of djúpt í árinni tekið með því að fullyrða að sjaldan hafi jafn víðtækar breytingar átt sér stað í iðnaði og viðskiptum á jafn skömmum tíma. Rauði þráðurinn í starfi ráðuneytisins hefur verið að auka atvinnu. Stöðugt efnahagslíf, aukinn hagvöxtur, fjölgun starfa og auknar ráðstöfunartekjur heimilanna eru þau meginmarkmið sem allt starf ráðuneytisins hefur miðast við. Og á öllum sviðum hefur árangurinn verið umtalsverður.

\* *Á sviði iðnaðar- og nýsköpunar* hafa verið sköpuð skilyrði fyrir aukna fjölbreytni atvinnulífsins og traustari samkeppnisstöðu þess á alþjóðlegum vettvangi en áður. Stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki hefur og verið stóraukinn, ekki síst á landsbyggðinni.

\* *Á sviði auðlinda og orkunýtingar* hefur verið lagður grunnur að fjölbreyttum vexti íslensks atvinnulífs með aukinni nýtingu orkuauðlinda til atvinnueflingar. Með því að leggja grunninn að samkeppni í orkuvinnslu og þar með að hagkvæmari skipan orkumála verður hægt að lækka orkuverð til landsmanna umtalsvert á næstu árum. Að sama skapi mun stóraukin raforkusala leiða til lækkunar á orkuverði. Þá hefur sérstakt átak verið gert við leit að jarðhita á hinum svokölluðu „köldu“ svæðum, en lækkun orkukostnaðar er meðal brýnustu hagsmunamála, ekki síst m.t.t. búsetuþróunar.

\* *Á sviði samkeppnis-, neytenda- og viðskiptamála* hefur verið unnið að því að auka öryggi neytenda, tryggja heilbrigða samkeppni og stuðla að skilvirkni og öryggi í viðskiptum.

\* *Á sviði fjármagnsmarkaðar og fjárfestingar* hafa miklar breytingar á öllum þáttum hans síðan orðið til þess að hann er nú mun traustari, sterkari og skilvirkari en áður var. Þá hefur markvisst starf sem tengt er erlendri fjárfestingu skilað mikilsverðum árangri.

Þetta rit hefur að geyma upplýsingar um það starf sem unnið hefur verið í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum í ráðherratíð minni. Ritið skiptist í tvo meginhluta. Í fyrri hlutanum er stiklað á stóru. Þar er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem hæst hefur borið á hverju starfssviði ráðuneytisins fyrir sig. Í seinni hlutanum er svo að finna ítarlegra yfirlit yfir þingmál og starf verkefnanefnda. Í lokin er birtur listi yfir þau rit sem gefin hafa verið út á vegum ráðuneytisins á tímabilinu. Efni þessara tveggja hluta skarast nokkuð. Neðanmáls er vísað til tengds efnis í öðrum köflum eftir því sem við á.

Finnur Ingólfsson,  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

# I. Iðnaður og nýsköpun

## 1. Inngangur

Aukin efnahagsleg- og félagsleg velferð á Íslandi veltur fyrst og fremst á því að hér verði til öflug fyrirtæki sem byggja á þekkingu og hugviti – fyrirtæki sem framleiða vörur eða veita þjónustu sem selja má á erlendum mörkuðum. Þess vegna hefur starf ráðuneytisins á sviði iðnaðar og nýsköpunar einkum miðast við það að skapa skilyrði fyrir framsækna og fjölbreytta þróun atvinnulífsins. Það hefur m.a. verið gert með því að stuðla að því að íslenskt atvinnulíf verði í fremstu röð í að hagnýta sér þau margvíslegu tækifæri sem upplýsingasamfélagið býður upp á, með því að bæta skilyrði fyrir hátækniíðnað (eins og upplýsingatækni og líftækni), með því að leggja kapp á að miðla þekkingu og tækni til fyrirtækja og með víðtækum stuðningi við atvinnulífið utan höfuðborgarsvæðisins.

Ein áhrifamesta og árangursríkasta leiðin til að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi er að nýta nýjungar í upplýsinga- og fjarskiptatækni. Ávinningurinn af því er meiri fyrir Ísland en flestar aðrar þjóðir. Þessi nýja tækni mun nýtast litlum fyrirtækjum einkar vel og draga úr því óhagræði sem stafar af fjarlægð landsins frá erlendum mörkuðum. Sú stefnumótun sem ráðuneytið beitti sér fyrir í upplýsingatækni á kjörtímabilinu miðaði ekki síst að því að tryggja að upplýsingatæknin nýttist atvinnulífinu sem best.

Nokkuð hefur skort á að íslensk fyrirtæki hafi haft tök á að hagnýta sér þá vísinda- og tækniþekkingu sem við höfum aflað okkur sjálf eða höfum aðgang að vegna alþjóðlegra saminga. Víst má telja að ekki hafi orðið til nýjar afurðir, nýjar framleiðsluáðferðir eða söluhæf þjónusta í samræmi við aukna tækni- og vísindaþekkingu hérlendis. Víðtæk breyting á stuðningsumhverfi íslensks atvinnulífs var löngu orðin tímabær. Til þess að auka hlut iðnaðar sem byggður er á þekkingu og hugviti í íslensku atvinnulífi hefur verið unnið að endurskipulagningu þeirrar rannsóknarstarfsemi sem ráðuneytið stundar í þágu atvinnulífsins. Kapp hefur verið lagt á að samræma og sameina skylda rannsóknarstarfsemi hins opinbera og að endurskoða rekstrarform rannsóknarstofnananna. Markmiðið er að þjónusta þeirra við atvinnulífið verði markvissari og hagkvæmari eftir en áður.

Að sama skapi hefur verið unnið að því að laga stuðningsumhverfi íslensks atvinnulífs með „Átaki til atvinnusköpunar“ og stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Meginhlutverk Nýsköpunarsjóðs er að vinna að uppbyggingu, vexti og alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs, einkum fyrirtækja sem eru á frumstigi fjárfestingar. Markmið „átaksins“ hefur hins vegar ekki síst verið að styðja minni fyrirtækin. Þar hefur m.a. verið haft í huga að fjölbreytt atvinnulíf mun í auknum mæli byggjast á því að um allt land verði til ný störf er byggjast á þekkingu og hugviti og þeim sérstöku menningarlegu og náttúrufarslegu sérkennum sem

einkenna hvert landsvæði. Stuðningur við lítil fyrirtæki og frumkvöðla út um land er því bæði mikilvægur liður í því að sporna við óæskilegri byggðaröskun og að skapa margbreytilegt atvinnulíf og menningu um land allt.

Allar hafa þessar aðgerðir miðað að því að skapa betri skilyrði en fyrr fyrir vöxt fjölbreytts atvinnulífs, atvinnulífs sem stendur vel að vígi í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Á undanförunum árum hafa sprottið upp hérlendis öflug fyrirtæki sem hafa notað þekkingu sína og hugvit til sóknar á erlendum mörkuðum. Þannig hefur útflutningur hugbúnaðar t.a.m. margfaldast á nokkrum árum og nemur nú um tveimur milljörðum kr. á ári. Einnig hafa orðið til ný og öflug fyrirtæki í líftækniíðnaði og eru vaxtarmöguleikar á því sviði ótvírætt miklir. Með endurbótum á almennu starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja vonast ráðuneytið til að geta lagt sitt af mörkum til að svo haldi fram sem horfir.

## 2. Helstu nýmæ li

### Nýsköpun í upplýsingasamfélagi - stefnumótun

Stórstígar framfarir í upplýsinga- og fjarskiptatækni, óhindrað flæði upplýsinga og greiður aðgangur að helstu þekkingarbrunnum heimsins munu á komandi árum gjörbreyta atvinnuháttum okkar. Nýsköpun í íslensku atvinnulífi og samkeppnisstaða þess mun að verulegu leyti ráðast af því hvernig til tekst í hagnýtingu þessarar nýju tækni. Í ljósi þessa beitti iðnaðar- og viðskiptaráðherra sér fyrir víðtækri stefnumótun um íslenska upplýsingasamfélagið. Stefnan var samþykkt í ríkisstjórninni í september 1996 og nefnist *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið*.

Meginmarkmið stefnunnar er að Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við að nýta upplýsingatækni til betra lífs og aukinnar hagsældar. Í stefnunni er lögð áhersla á að allir landsmenn geti nýtt sér möguleika upplýsingasamfélagsins, að tryggt verði fullt jafnræði milli opinbers reksturs og einkareksturs á sviði upplýsingatækni og upplýsingaiðnaðar, að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði notuð til að gera íslenskt atvinnulíf sem samkeppnisfærast, að menntakerfið lagi sig að þjóðfélagsbreytingum og að löggjöf, reglur og vinnubrögð hins opinbera verði endurskoðuð með tilliti til þróunar í upplýsingatækni.

Ákveðið var að forsætisráðuneytið hefði yfirumsjón með því hvernig stefnunni er framfylgt, en þó þannig að ráðuneytin ynnu öll að því að hrinda henni í framkvæmd.

## Nýsköpun í upplýsingasamfélagi - aðgerðir

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur unnið að ofangreindum markmiðum stefnunnar með ýmsum hætti. Skipaðar voru tvær verkefnanefndir sem báðar unnu að því að bæta samkeppnisskilyrði hugbúnaðarfyrirtækja. Starf annarrar nefndarinnar miðaði að því draga úr hugbúnaðargerð í skjóli ríkisreksturs með því að ýta undir að hugbúnaðargerð ríkisins yrði komið á almennan markað. Hin nefndin gerði aftur á móti tillögur um hvernig bæta mætti ytri skilyrði hugbúnaðariðnaðarins.<sup>1</sup>

Ráðuneytið hefur einbeitt sér að því að greiða fyrir samskiptum við almenning með heimasíðu sinni á netinu. Þar hefur verið komið upp gagnagrunni sem á að gera sjálfsafgreiðslu ýmissa mála mögulega auk þess sem þar er að finna upplýsingar um ýmiss konar réttindi og skyldur, t.a.m. þeirra sem bera löggilt starfsheiti. Þá hefur íslensku atvinnulífi verið auðveldaður aðgangur að margvíslegum upplýsingum á fagsviðum ráðuneytanna. Margar af undirstofnunum ráðuneytisins hafa byggt upp gagnagrunna á netinu og um þessar mundir vinnur ráðuneytið í samvinnu við Samtök iðnaðarins að því að byggja upp ítarlegan gagnagrunn um iðnaðarmál. Með þeim gagnagrunni er m.a. ætlunin að greiða fyrir símenntun, því hugmyndin er sú að vinnandi fólk geti notað vefinn til fræðslu og til að afla sér upplýsinga, m.a. um ný störf og endurmenntun í iðnaði.

Að lokum má nefna að rafræn viðskipti hafa verið eitt af þeim málum sem ráðuneytið hefur lagt hvað mesta áherslu á. Sett hafa verið lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa<sup>2</sup> og sérstaklega er fylgst með þróun rafrænna undirskrifta, rafeyris og örgjafakorta. Þá er nú unnið að athugun á lagalegri stöðu rafrænna viðskipta og verið að meta úr hverju þarf að bæta svo að óþarfa lagahindranir standi ekki í vegi fyrir eðlilegri þróun rafrænna viðskipta hér á landi.

## Nýskipan í starfsemi rannsóknastofnana atvinnulífsins.

Kapp hefur verið lagt á að einfalda og bæta starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Nýjar áherslur felast m.a. í því að sett hafa verið skýr markmið í rekstri undirstofnana ráðuneytisins sem bundnar hafa verið í svokallaða árangursstjórnunarsamninga. Þar er m.a. kveðið á um fjárhagslegan aðskilnað þess hluta stofnananna sem stundar samkeppnisrekstur frá öðrum þáttum í starfsemi þeirra. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að ríkisrekstur njóti óeðlilegra kjara á samkeppnismarkaði vegna eignaraðildar ríkisins. Þetta er nauðsynlegt til að jafna samkeppnisaðstöðuna og til þess að ríkisreksturinn njóti þess trausts sem nauðsynlegt er.

Fyrsta breytingin í þessa átt var gerð með reglugerð um Orkustofnun í desember 1995. Með gildistöku reglugerðarinnar var starfsemi stofnunarinnar breytt þannig að hún starfar nú í tveimur hlutum. Annars vegar fæst stofnunin við

---

<sup>1</sup> Nánar er fjallað um starf nefndanna í kafla VI.1.

<sup>2</sup> Sjá kafla IV.2.



orkumál (m.a. ráðgjöf til stjórnvalda) og er sú starfsemi greidd af ríkissjóði. Hins vegar fæst stofnunin við orkurannsóknir, sem er samkeppnisrekstur sem hefur allar tekjur af verkefnasölu. Sams konar breyting hefur síðan verið gerð á Iðntæknistofnun þar sem ríkisluti stofnunarinnar hefur fengið nýtt hlutverk og á umfram allt að miðla þekkingu í því skyni að ýta undir nýsköpun.

Ljóst er að aukin vísinda- og tækniþekking dugir ekki ein sér til að efla nýsköpun í atvinnulífinu. Leggja þarf meiri áherslu en gert er á að leiðbeina fyrirtækjunum og miðla þekkingunni til þeirra með skipulögðum hætti. Ríkisluti Iðntæknistofnunar mun sinna þverfaglegri þekkingarmiðlun til allra fyrirtækja og einstaklinga sem stunda vilja nýsköpun, án tillits til þess á hvaða sviði þau starfa. Þetta er nauðsynlegt þar sem skilin á milli hinna hefðbundnu atvinnugreina verða sífellt óljósari og vegna þess að þarf að vera unnt að sinna þeim nýju atvinnugreinum sem bætast við.

Þáttur í þessari nýju starfsemi Iðntæknistofnunar er að þar verður með skipulegri hætti en áður rekið uppeldissetur sem tryggja á að úr athyglisverðum hugmyndum þróist og verði til nýjar afurðir eða ný fyrirtæki.

Til þess að gera ríkisreksturinn æ markvissari hefur ráðuneytið lagt kapp á að nýta sem best það fjármagn, búnað og mannauð sem stofnanir þess búa yfir. Tilgangurinn er tvíþættur. Hann er í fyrsta lagi sá að hámarka afrakstur þess fjár sem ríkið leggur til rannsóknarstarfseminnar og í öðru lagi að efla hana sjálfa með því að sameina skylda rannsóknarþætti í sem öflugastar heildir. Þetta hefur þegar verið gert með því að sameina matvælarannsóknir og efnagreiningu Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins. Miklu máli skiptir að áfram sé unnið að slíkri sameiningu bæði meðal stofnana ráðuneytanna og stofnana á verksviðum annarra ráðuneyta.

## Átak til atvinnusköpunar

Að framan hefur verið lýst hvernig ráðuneytið hefur lagt áherslu á að byggja upp sterkar heildir til stuðnings nýsköpun með sameiningu skyldrar rannsóknarstarfseminnar og með því að byggja upp þverfaglega þekkingarmiðstöð hjá Iðntæknistofnun. Á sama hátt hefur ráðuneytið unnið að því að beina hinum sértækari stuningsaðgerðum sem tengjast nýsköpun atvinnulífsins í einn farveg og efla þær.

Átak til atvinnusköpunar hófst í ársbyrjun 1996 með samstarfssamningi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Iðntæknistofnunar sem að mestu annast framkvæmd hans. Með átakanu var stefnt að þrennu. Í fyrsta lagi átti það að stuðla að verkefnum sem eflt geta atvinnu og aukið samkeppnishæfni atvinnulífsins, m.a. með fjármögnun slíkra verkefna. Í öðru lagi átti með því að samræma verkefni sem orðið gætu til hvatningar og stuðnings litlum og meðalstórum fyrirtækjum, svo og einstaklingum, við atvinnu- og nýsköpun. Í þriðja lagi átti átakið að ýta undir alþjóðlegt samstarf fyrirtækja í markaðsmálum og greiða tækninni leið.

## Stuðningur við atvinnuþróun á svæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju

Frá því í ársbyrjun 1997 hefur það ennfremur verið liður í Átaki til atvinnusköpunar að hafa yfirumsjón með úthlutun á sérstöku fé sem ríkisstjórnin hefur veitt til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífnum. Einkum er um að ræða verkefni í þeim landshlutum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu í orku- og stóriðjumálum. Samkvæmt þeirri heimild voru á árinu 1997 veittir 36 styrkir til þessara mála og 60 styrkir á árinu 1998 eða alls 96 styrkir að upphæð samtals 160 m.kr.

## Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Eins og getið er hér að aftan<sup>3</sup> urðu Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins til um sl. áramót. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að vinna að uppbyggingu, vexti og alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar, einkum með því að leggja fram hlutafé og forathuganir, þróunarverkefni og kynningarverkefni.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustu sjóðsins og bárust honum fyrstu 10 mánuði ársins 1998 um 350 erindi. Rúmlega 170 beiðnir hafa borist um hlutafé og hefur verið ákveðið að leggja fé í tæplega 20 fyrirtæki af 90 sem þess höfðu óskað í umsóknum sem afgreiddar hafa verið. Meðalfjárhæð er um 35 millj. króna og meðaleignarhlutur í þeim fyrirtækjum sem fjárfest hefur verið í rúmlega 20%.

Vegna styrkja hafa samtals borist um 180 umsóknir og hafa um 130 þeirra verið afgreiddar. Þar af hefur um 50 verkefnum verið hafnað og um 80 verkefni verið samþykkt fyrir samtals um 170 milljónir króna.

## Útrás til austurstrandar Norður-Ameríku

Ráðuneytið telur að auka megi viðskipti milli Íslands og þeirra fylkja Kanada og Bandaríkjanna sem liggja að norðanverðu Atlantshafi. Í byrjun þessa árs fór iðnaðar- og viðskiptaráðherra í heimsókn til fylkjanna Nova Scotia og Newfoundland í Kanada og Maine í Bandaríkjunum. Sú ferð leiddi m.a. til þess að sl. sumar kom um 30 manna viðskiptasendinefnd frá Maine til Íslands.

Mest var þó vert um þau tengsl sem sköpuðust við Nova Scotia, en í kjölfar heimsóknarinnar var undirritað samkomulag um nána samvinnu til að greiða fyrir viðskiptum, fjárfestingu og samvinnu fyrirtækja í Nova Scotia og á Íslandi, sem og um ýmiss konar stjórnsýslusamvinnu. Í framhaldi af þessu samkomulagi fór iðnaðar- og viðskiptaráðherra síðan með viðskiptasendinefnd til Halifax nú í nóvember. Árangur þessara auknu tengsla hefur orðið báðum aðilum hvatning til að efla sambandið frekar og er nú til umræðu að til Íslands komi á næsta ári viðskiptasendinefnd frá Nova Scotia.

---

<sup>3</sup> Í kafla IV.2.

### 3. Önnur mál

Eins og sjá má af því sem tíundað hefur verið hér að framan hefur á kjörtímabilinu verið lagt mikið kapp á að hlúa að vaxtarsprotum íslensks atvinnulífs. Auk þeirra aðgerða sem áður er getið mætti nefna fjölmargt annað, en meðal þeirra greina sem ráðuneytið hefur sérstaklega einbeitt sér að er kvikmynda- og tónlistariðnaður. Báðar greinarnar tilheyra svokölluðum afþreyingariðnaði sem víða í nágrenni okkar er meðal umfangsmestu og dýrmætustu atvinnugreina samfélagsins. Árið 1996 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra tvo starfshópa sem fengu það hlutverk að kanna með hvaða hætti mætti auka útflutning íslenskrar tónlistar og kvikmynda. Tillögur vegna tónlistariðnaðarins birtust í skýrslu til ráðherra sem út kom í febrúar 1997<sup>4</sup>, en starfshópur um kvikmyndaiðnað hefur ekki lokið störfum.

Af öðrum slíkum málum má nefna skýrslu starfshóps um aukinn útflutning á vörum og þjónustu sem tengjast íslenska hestinum, en talsverð sóknarfæri eru talin vera til staðar á þeim vettvangi.<sup>5</sup> Að tillögu starfshópsins hefur verið skipuð nefnd sem fengið hefur það hlutverk að undirbúa og kynna alþjóðlega hesta- og hestavörusýningu sem haldin yrði á Íslandi árið 2001 undir nafninu Islandica.

Fleira mætti tína til. Settar hafa verið fram tillögur um hvernig auka megi fullvinnslu léttmálma hér á landi. Meðal tillagna nefndar sem fjallaði um málið var stofnun svokallaðs Málmgarðs og hefur honum nú verið komið á fót. Í kafla VI.1. er að finna ítarlegri umfjöllun um starf ofangreindra nefnda sem og annarra sem unnið hafa að stefnumörkun á sviði iðnaðar og nýsköpunar. Þá er í kafla V.1. yfirlit yfir þingmál sem afgreidd hafa verið á kjörtímabilinu.

---

<sup>4</sup> *Íslenskur tónlistariðnaður: aukin sóknarfæri* (febrúar 1997).

<sup>5</sup> *Vörur og þjónusta tengd íslenska hestinum: aukinn útflutningur* (júlí 1997).

## II. Auðlindir og orkunýting

### 1. Inngangur

Á sviði auðlinda og orkunýtingar hefur sérstaklega verið stefnt að hagkvæmri og skynsamlegri notkun orkulindanna og auðlinda í jörðu, en slík notkun þeirra skiptir miklu máli fyrir afkomu þjóðarinnar í framtíðinni. Hagkvæm nýting auðlindanna ýtir undir uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs og styrkir byggðina um landið allt, en vitaskuld þarf sú nýting að vera í samræmi við aðra notkun lands og hið náttúrlega umhverfi.

Á kjörtímabilinu hafa verið stigin skref í þá átt að tryggja þessa stefnu. Vorið 1998 voru sett lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en markmið þeirra laga er að stuðla að og auðvelda nýtingu bæði jarðvarma og jarðefna. Í lögum er viðurkenndur eignarréttur landeigenda á auðlindunum, en iðnaðarráðherra er falið vald til að veita leyfi til rannsókna á þeim og nýtingu þeirra.

Á kjörtímabilinu hófst enn fremur markviss endurskoðun orkulöggjafar. Mest kapp hefur verið lagt á endurskoðun laga um raforkumál með það fyrir augum að koma á samkeppni í raforkuframleiðslu og raforkusölu. Við endurskoðunina er stefnt að því að auka skilvirkni og að lækka orkuverð, án þess þó að það komi niður á öryggi kerfisins eða hindri að áfram verði unnt að nýta orkulindirnar til atvinnusköpunar.

Með þremur stóriðjusamningum var síðan rofin 20 ára kyrrstaða í beislun orkulindanna til atvinnusköpunar og ljóst er að efnahagssuppsveiflan sem við njótum nú á ekki síst rót sína að rekja til þessara samninga og þeirra framkvæmda við orkumannvirki sem fylgdu í kjölfarið.

### 2. Helstu nýmæ li

**Aukin verkefni á sviði stóriðju:**

**Íslenska álfélagið - Íslenska járnblendifélagið - Norðurál**

Efnahagssuppsveiflan á Íslandi á ekki hvað síst rætur sínar í stóraukinni fjárfestingu atvinnuveganna undanfarin ár og þar skipta mestu framkvæmdir í tengslum við stóriðju og tengd orkumannvirki. Alls má gera ráð fyrir að þessar framkvæmdir nemi rúmum 56 milljörðum króna og að þar af sé erlend fjárfesting um 27 milljarðar króna.

Í nóvember 1995 var undirritaður samningur um stækkun álvers Íslenska álfélagsins í Straumsvík. Framkvæmdir hófust í byrjun árs 1996 og var stækkuninni lokið í október 1997. Í byrjun mars 1997 var síðan gert samkomulag um stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga og breytingar á eignarhlutum eignaraðila félagsins. Félagið er í eigu íslenska ríkisins, japanska fyrirtækisins Sumitomo og norska fyrirtækisins Elkem. Samningurinn kvað á um að Elkem skrifaði sig fyrir nýju hlutafé til að fjármagna stækkun verksmiðjunnar. Vinna við þriðja ofninn hófst fyrir á þessu ári. Þriðju samningar um aukna stóriðju hérlendis voru síðan undirritaðir í ágúst 1997, en þá voru undirritaðir samningar um álver Norðuráls hf. á Grundartanga. Framkvæmdir hófust þá um haustið. Þeim miðar vel og hefur hluti verksmiðjunnar þegar verið tekinn í notkun. Í tengslum við þessi stóriðjuáform hefur verið ráðist í miklar framkvæmdir við orkumannvirki hérlendis. Unnið hefur verið að stækkun Blöndulóns, aflaukningu virkjunarinnar í Búrfelli og uppsetningu annarrar vélar í Kröflu. Þá hefur verið unnið að framkvæmdum við Sultartangavirkjun og Hágöngumiðlun og stækkun gufuafsvirkjunarinnar á Nesjavöllum.

Þessir þrjú stóriðjusamningar hafa átt verulegan þátt í að auka traust Íslendinga á efnahagslífinu og þeir hafa einnig stuðlað að aukinni fjárfestingu á öðrum sviðum. Gera má ráð fyrir að framkvæmdirnar auki landsframleiðslu varanlega um 2% og bæti þannig við framleiðslugetu þjóðarbúsins. Útflutningur mun aukast um 16 milljarða þegar framleiðslugeta iðjuveranna verður að fullu nýtt. Það er um 8% aukning útflutnings ef miðað er við heildarútflutning vöru og þjónustu í ár. Uppbygging orkufreks iðnaðar hefur dregið úr vægi sjávarútvegs í útflutningi og aukið fjölbreytni í efnahagslífinu. Bandarísku matsfyrirtækin Standard & Poor's og Moodys hafa einmitt nefnt minnkandi einhæfni útflutningsatvinnuvega sem eina af meginröksemdum sínum fyrir að hækka lánshæfismat Íslands, en slík hækkun leiðir til þess að vaxtabyrði ríkissjóðs, sveitarfélaga og fyrirtækja í landinu léttist.

Ótvírætt má fullyrða að uppbygging orkufreks iðnaðar á undanförunum árum hefur reynst þjóðarbuínu farsæl. Hún hefur dregið úr vægi sjávarútvegs í þjóðarþúskapnum, rennt fleiri styrkum stöðum undir útflutningsatvinnuvegina, aukið framleiðslugetu þjóðfélagsins, skapað fjölbreyttara atvinnulíf en áður og flutt inn erlent fjármagn, tækniþekkingu og hundruð nýrra hálaunastarfa. Síðast en ekki síst leiðir vaxandi fjölbreytni til sveiflujöfnunar og bættra lánskjara.

## Nýting auðlinda í jörðu

Það hefur lengi staðið til að setja löggjöf sem tryggi skynsamlega nýtingu auðlinda í jörðu á Íslandi. Vorið 1998 var því mikilvægum áfanga náð þegar sett voru á Alþingi lög þar að lútandi.<sup>6</sup> Með lögnum voru settar samræmdar reglur um nýtingu auðlinda í jörðu, þ.e. jarðefna, jarðhita og grunnvatns, hvar sem þær er að finna. Samkvæmt þeim getur iðnaðarráðherra veitt leyfi til að rannsaka og nýta auðlindir hvar sem er á landinu. Í því efni hefur landeigandi ekki forgang, en hann

---

<sup>6</sup> Lög nr. 57/1998.

fær bætur fyrir tjón og endurgjald fyrir auðlindina samkvæmt samkomulagi eða eignarnámsmati.

Í lögnum er kveðið á um að eignarlandi fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum séu auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Með eignarlandi er átt við land sem er háð einkaeignarrétti þar sem landeigandi fer með öll venjuleg eignarráð. Með þjóðlendum er átt við landssvæði utan eignarlanda, þar sem engum hefur tekist að sýna fram á full eignarréttindi. Þetta er í samræmi við þá réttarframkvæmd sem hér hefur þróast, bæði í löggjöf, dómaframkvæmd og í samningum manna í milli.

Stefnumótun sú í auðlindamálum sem fram kemur í lögnum lýtur því ekki að eignarrétti auðlindanna sem slíkra, enda hafði réttarframkvæmdin varðað veginn. Stefnumótunin lýtur fyrst og fremst að því að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu þessara auðlinda. Stefnt er að skynsamlegri nýtingu þeirra, en hún stuðlar að þjóðhagslegri hagsæld og eykur atvinnu. Á sama tíma er tryggt að við nýtinguna séu sjónarmið umhverfisverndar höfð að leiðarljósi. Aðeins þannig getur nýting auðlindanna verið í almannabágu.

Auk ofangreindrar lagasetningar hefur ráðuneytið á undanförnum árum stuðlað að því að kannaðir væru möguleikar á nýtingu auðlinda sem hingað til hafa ekki verið nýttar. Þannig hefur ráðuneytið gefið út leyfi til leitar að málmum í jörðu, t.a.m. leyfi til Melmis hf., sem er að kanna hvort hér sé nóg af verðmætum málmum til vinnslu.

## Olíuleit

Olíuleit hefur verið til sérstakrar athugunar í ráðuneytinu undanfarin tvö ár. Í maí 1997 samþykkti Alþingi ályktun um olíuleit við Ísland þar sem iðnaðarráðherra var falið að skipa starfshóp til að meta hvort rétt sé að hefja markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands. Starfshópurinn var skipaður haustið 1997 og lauk störfum ári síðar.<sup>7</sup> Í niðurstöðum starfshópsins kemur fram að nokkrar líkur séu til að olíumyndandi berg sé í setlögum fyrir Norðurlandi. Þótt líkurnar séu minni en svo að líklegt sé að þær freisti olúfélaga að svo stöddu leggur nefndin til að rannsóknum á þessu svæði verði haldið áfram.

Í skýrslu starfshópsins er enn fremur dregið á stöðu rannsókna á þeim svæðum á landgrunni Íslands sem helst er talið að kunnir að geyma olíu. Þar ber hæst Jan Mayen-svæðið, þar sem Íslendingar og Norðmenn eiga sameiginlega hagsmuna að gæta. Líklegast telur hópurinn þó að á Hatton-Rockall-svæðinu sé svo mikið til af olíu að borgi sig að vinna það, en ágreiningur er um réttindi Íslendinga á svæðinu. Starfshópurinn fékk óháðan breskan ráðgjafa, Anthony George Doré, til þess að leggja mat á hversu líklegt sé að olía finnist við Ísland og eru niðurstöður nefndarinnar að nokkru leyti byggðar á mati hans. Skýrsla A. G. Doré er fylgiskjal

---

<sup>7</sup> Niðurstöðurnar eru birtar í skýrslunni *Leit að olíu við Ísland og á nálægum hafsbötni: skýrsla starfshóps iðnaðarráðherra* (október 1998).

með skýrslu hópsins.

## Endurskoðun orkulaga

Á undanförunum árum hefur skipan raforkumála tekið miklum breytingum víða erlendis. Þessar breytingar hafa í megindráttum falist í því að skilja í sundur þá þætti raforkukerfisins sem eðlilegt þykir að háðir verði sérleyfi og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið. Fundist hafa aðferðir til að nýta kosti frjálsrar samkeppni, einkum í vinnslu og sölu raforku. Þessar aðferðir hafa í aðalatriðum reynst vel og er það nú skoðun flestra að samkeppnisumhverfi skili að jafnaði bestum árangri í vinnslu og sölu. Þessi nýju sjónarmið er sjálfsagt að færa sér í nyt á Íslandi þótt hér eins og annars staðar þurfi jafnframt að taka mið af aðstæðum. Núverandi skipan raforkumála hefur að mörgu leyti reynst vel. Það skiptir miklu máli að framtíðarskipan raforkumála hér á landi sé mótuð á þessum trausta grunni.

Síðustu misseri hafa verið stigin stór skref í þá átt að endurskoða skipan raforkumála hérlendis með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum. Á árinu 1996 skipaði ráðherra tvær nefndir sem fjölluðu um skipan orkumála. Annars vegar viðræðunefnd eigenda Landsvirkjunar sem falið var að endurskoða eignarhald, rekstrarform og hlutverk fyrirtækisins<sup>8</sup> og hins vegar ráðgjafarnefnd um endurskoðun löggjafar um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Í síðartöldu nefndinni sátu fulltrúar þingflokka, sveitarfélaga, orkufyrirtækja og aðilar vinnumarkaðarins.

Haustið 1997 var síðan lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála. Markmið endurskoðunar raforkumála skv. þingsályktuninni er að viðskipti með raforku lúti almennum viðskiptalögmálum. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar komi til framkvæmda í áföngum á einum áratug eða svo.

Ástæður þess að fara þarf varlega eru margþættar. Í fyrsta lagi er raforkukerfið lítið og einangrað. Í öðru lagi eru lagðar víðtækar skyldur á Landsvirkjun varðandi framboð raforku og verðlagningu hennar. Í þriðja lagi má nefna að raforkuvinnslan byggir á endurnýjanlegum orkulindum, einkum vatnsorku, sem þýðir að vinnslan getur verið mjög breytileg á milli ára.

Stefnt er að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að skilyrði skapist til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í upphafi verði unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna, endurskipulagningu á meginflutningskerfi raforkunnar og breyttu fyrirkomulagi á orkusölu til stórra notenda. Enn fremur verði unnið að því að koma á samkeppni í viðskiptum með raforku.

Í ráðuneytinu er nú unnið að undirbúningi frumvarps til raforkulaga í samræmi við þau sjónarmið sem að framan greinir. Stefnt er að því að leggja frumvarpið fram til kynningar á þessu þingi. Þá er samhliða unnið að stefnumótun og undirbúningi endurskipulagningar meginflutningskerfisins í samstarfi við

---

<sup>8</sup> Sjá nánar um niðurstöður þeirrar nefndar hér að neðan.

orkufyrirtæki.

## Viðræður eigenda um framtíð Landsvirkjunar

Vorið 1996 hófust formlegar viðræður á milli eigenda Landsvirkjunar um breytingar á sameignarsamningi um eignarhald og rekstur fyrirtækisins. Frumkvæðið að þessum viðræðum áttu meðeigendur ríkisins í fyrirtækinu, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær. Tilfnið var umræða um hugsanlegan áhuga sveitarfélaganna á að selja hlut sinn í fyrirtækinu og vaxandi kröfur um arðgreiðslur til eigenda. Viðræðunum lauk í október með undirritun samkomulags eigendanna og varð niðurstaðan sú að breyta ekki rekstrarformi þess eða eignarhaldi að svo stöddu. Í samkomulaginu er hins vegar kveðið á um að sameignarsamningurinn verði endurskoðaður fyrir 1. janúar 2004 og að sú endurskoðun taki m.a. til þess hvort ástæða þyki til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun.

Auk þess eru í samkomulaginu ákvæði um breytingar á stjórnarfyrikomulagi fyrirtækisins sem eiga að breyta stjórnskipulagi fyrirtækisins til samræmis við ákvæði hlutafélagalaga. Í öðru lagi er þar að finna samkomulag um stefnumótun til langs tíma um lækun orkuverðs í landinu. Í þriðja lagi eru í samkomulaginu skýrar kröfur um arð af rekstri fyrirtækisins og í fjórða lagi ákvæði um endurmat á eigendaframlögum og samkomulag um greiðslu arðs af endurmetnum eigendaframlögum.

Segja má að allar þessar breytingar hafi verið til samræmis við þá meginstefnu stjórnvalda að láta raforkuverfið, þegar fram í sækir lúta sömu lögmálum og annan atvinnurekstur í landinu.<sup>9</sup>

## Breytt hlutverk Orkusjóðs

Með lögum nr. 140/1996 um ráðstafanir í ríkisfjármálum var áherslum í starfsemi Orkusjóðs breytt. Honum var fengið víðtækara og almennara hlutverk en áður. Með þeirri breytingu varð það meginhlutverk sjóðsins að standa straum af athugunum á því hvort unnt væri að auka enn frekar hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar, styrkja sérstök verkefni vegna tilrauna eða viðleitni til hagkvæmrar orkunotkunar og styðja úrvinnslu hugmynda um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.

Nú er ætlunin að breyta hlutverki sjóðsins enn frekar með frumvarpi sem ráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að ef ráðist er í orkuframkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerð sem ríkið hefur kostað, þ.m.t. fé úr Orkusjóði, skuli framkvæmdaaðili endurgreiða sjóðnum þann kostnað við veitingu virkjunar- eða nýtingarleyfa. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslu verði að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Lagt er til að fé vegna slíkra endurgreiðslna skuli aftur varið til frekari yfirlits- og undirbúningsrannsókna á orkulindum landsins. Þannig er stefnt að því

---

<sup>9</sup> Sbr. umfjöllun um endurskoðun orkulaga hér að ofan.



að þessi liður í starfi sjóðsins verði sjálfbær.

## Leit að jarðhita á köldum svæðum

Iðnaðarráðuneyti, Orkuráð og Byggðastofnun undirrituðu 7. maí 1998 samkomulag um að leita sérstaklega að jarðhita til húshitunar á svæðum þar sem ekki eru hitaveitur, en hugsanlegt að hagkvæmt geti verið að nýta jarðhita til húshitunar. Það verður gert með 25 milljóna króna framlagi Orkusjóðs, 25 milljóna króna framlagi iðnaðarráðuneytis og 10 milljóna króna framlagi Byggðastofnunar og er ætlunin að veita 30 milljónum króna til jarðhitaleitarverkefna á árunum 1998 og 1999. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög og orkufyrirtæki komi með móttframlög sem eiga að nema a.m.k. 50% af heildarkostnaði við hvert verkefni. Með þessu er ætlunin að örva jarðhitaleit á köldum svæðum einkum frumstigum leitar, en heimamönnum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við ef vísbending fæst um jarðhita sem kann að vera hagkvæmt að nýta. Gert hefur verið samkomulag milli iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar um rekstur verkefnisins, en Orkustofnun veitir því forstöðu fyrir hönd ráðuneytisins. Stjórn þessa átaksverkefnis var skipuð 8. júní sl. og er hún nú að ljúka styrkveitingum vegna ársins 1998.

## Átak til að draga úr orkunotkun við hitun húsnæðis

Í nóvember 1995 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp vegna lækkunar húshitunarkostnaðar. Hópnunum var m.a. falið að stuðla að aukinni þekkingu almennings á því hvernig draga mætti úr notkun orku til hitunar íbúðarhúsnæðis, að stuðla að því að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hitunarþörf húsa og hitunarbúnað, að sjá til þess að þeir sem nota meiri orku en eðlilegt getur talist til að hita híbýli sín eigi kost á ráðgjöf um hvernig draga megi úr henni og að stuðla að því að húseigendur geti fengið orkusparnaðarlán.

Hópurinn skilaði tillögum 4. maí 1998 sem nú er verið að hrinda í framkvæmd. Hópurinn taldi að einkum bæri að horfa til þeirra húseigenda á rafhitunarsvæðum, sem nota óeðlilega mikla orku miðað við stærð og gerð húsnæðis, og lagði því til að kapp yrði lagt á að styrkja aðgerðir sem geta dregið úr orkunotkun þeirra.

Auk ofangreindra verkefna má geta þess að í árslok 1997 ákvað ríkisstjórnin að hækka niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði um 50 milljónir króna til að tryggja að raforkuverð til húshitunar héldist óbreytt á árinu 1998 þrátt fyrir gjaldskrárhækkanir Landsvirkjunar og RARIK.

### 3. Önnur mál

Ráðuneytið hefur á kjörtímabilinu unnið að mörgum öðrum verkefnum sem miða að því að bæta orku- og auðlindanýtingu hérlendis. Í janúar 1998 kom út á vegum ráðuneytisins og Landsvirkjunar rit um áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku á Austfjörðum.<sup>10</sup> Ritið var samið að frumkvæði SINO (Samstarfsnefndar iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál) og er þar gerð ítarleg grein fyrir líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum hugsanlegra virkjana á ferðamennsku. Þá hefur ráðuneytið hafið undirbúning að rammaáætlun um nýtingu vatnsorku og jarðhita, en í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi er kveðið á um að gerð verði áætlun til langs tíma um nýtingu þessara orkulinda.

Af öðrum verkefnum ráðuneytisins á þessu sviði má nefna starf nefndar sem vann að tillögum um hvernig auka mætti hlutdeild innlendra orkugjafa (s.s. rafmagns og vetnis) í orkubúskap landsmanna og samstarf við Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ um undirbúning jarðgufuveitu til iðnaðar við Straumsvík. Enn fremur hefur ráðuneytið tekið þátt í að kanna möguleika á að reisa polyol-verksmiðju hérlendis, en polyol er efni sem má vinna úr náttúrlegum hráefnum s.s. sykurreyr. Þá hefur ráðuneytið staðið í viðræðum við Norsk Hydro um byggingu álbræðslu og tengds orkuvers á Austurlandi og haldið áfram viðræðum við erlenda aðila um hugsanlega lagningu sæstrengs til flutnings á raforku til og frá Evrópu. Í kafla V.2. og VI.2. er að finna tæmandi yfirlit yfir þingmál og starf verkefnanefnda á sviði auðlinda og orkunýtingar.

---

<sup>10</sup> *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku* (janúar 1998).

# III. Samkeppnis-, neytenda- og viðskiptamál

## 1. Inngangur

Á sviði samkeppnis-, neytenda- og viðskiptamála hefur verið unnið að því að auka öryggi neytenda, tryggja heilbrigða samkeppni og stuðla að skilvirkni og öryggi í viðskiptum.

Samkeppnislögin eru tiltölulega ný af nálinni og framkvæmd þeirra hefur farið vel af stað; lækun vöruverðs til neytenda er dæmi um árangur skýrrar og traustrar samkeppnisstefnu hérlendis á undanförunum árum. Engar breytingar hafa því verið gerðar á lögnum á kjörtímabilinu, en vegna örra breytinga í efnahagslífinu hefur nú verið ákveðið að kanna hvort aðlaga þurfi lögin þeim breytingum.

Á hinn bóginn var löngu orðið aðkallandi að auka réttaröryggi neytenda í ýmsum greinum. Á kjörtímabilinu hefur sjónum því einkum verið beint að þeim málaflokkum. Nú liggja fyrir Alþingi þrjú frumvörp um sem öll munu verða til að bæta stöðu neytenda. Þetta eru frumvörp til laga um lausafjárkaup, þjónustukaup og innheimtu. Að sama skapi hefur verið lögð mikil vinna í að draga úr persónuábyrgðum.

Af öðrum málum sem unnið hefur verið að í því skyni að bæta almennt umhverfi viðskipta- og atvinnulífs hérlendis ber helst að nefna löggjöf um lagaskil á sviði samningaréttar, endurbætur á félagarétti og fyrirkomulagi á skráningu hlutafélaga sem og úrbætur sem varða markaðseftirlit og vöruöryggi.

## 2. Helstu nýmæli

### Samkeppnismál

Á fyrstu árunum eftir gildistöku samkeppnislaganna beindu samkeppnisyfirvöld einkum sjónum að opinberum samkeppnishömlum með það fyrir augum að jafna samkeppnisskilyrði á milli fyrirtækja sem búa við opinbera vernd og einkafyrirtækja á frjálsum markaði.

Á síðustu árum hefur jafnframt verið lögð áhersla á að fylgjast með hegðun markaðsráðandi fyrirtækja og fyrirtækjasamruna. Þá hefur verið unnið að því eins og aðstæður hafa leyft að koma í veg fyrir blekkingar í auglýsingum og stuðla að

því að verðmerkingar séu í samræmi við reglur um góða viðskiptahætti.

Árangur samkeppnisstefnunnar verður ekki mældur í tölum, en almennt er viðurkennt í heiminum að hún hafi sannað gildi sitt með því að auka hagsæld. Hið sama hefur gerst hér á landi og nægir í því sambandi að nefna þróun verðlags á ýmsum helstu flokkum vöru og þjónustu.

Reynslan af samkeppnislögum hefur í meginatriðum verið góð og ber því að halda áfram á sömu braut. Á næsta ári verða sex ár liðin frá gildistöku laganna og í ljósi þess og hins síbreytilega efnahagsumhverfis sem samkeppnisstefnan býr við er tímabært að athuga hvort þörf sé á endurbótum á lögum. Viðskiptaráðherra ákvað því að skipa nefnd sem ætlað er að meta hvort þessar breytingar kalli á endurskoðun á samkeppnisákvæðum laganna. Við endurskoðunina mun nefndin jafnframt hafa hliðsjón af þróun þessara mála erlendis.

## Heildarstefna í neytendamálum

Íslenskur neytendaréttur hefur þróast ört á undanförunum árum. Málefnum neytenda hefur verið vaxandi gaumur gefinn og mun svo verða áfram. Þess vegna skiptir miklu að betur sé hugað að þeim málum sem brýnast er fyrir neytendur að fjallað verði um á næstu árum og að sett séu skýr markmið á sviði neytendamála. Mikilvægt skref í þá átt var stigið þegar ákveðið var að gera þjónustusamning við Neytendasamtökin. Í samningnum eru nákvæmlega skilgreind þau meginatriði sem samtökin munu vinna að og styrkt eru af fjárveitingavaldinu. Jafnframt hefur nú verið skipuð nefnd til að semja drög að stefnuáætlun í málefnum neytenda. Markmiðið með því er að samræma betur það starf sem nú þegar er unnið í þágu neytendaverndar hér á landi. Nefndin á sérstaklega að kanna með hvaða hætti megi nýta upplýsingatækni til að treysta stöðu neytenda.

## Frumvarp til laga um lausafjárkaup

Gildandi lög um lausafjárkaup voru sett árið 1922. Heildarendurskoðun þeirra var því löngu orðin tímabær. Með frumvarpi til laga um lausafjárkaup sem kynnt var á Alþingi nú í upphafi þings hefur þeirri endurskoðun verið hrundið í framkvæmd. Við samningu frumvarpsins var í meginatriðum stuðst við tillögur í samnorrænu nefndarálitinu frá árinu 1988, en lengi hefur verið samstarf með Norðurlandþjóðunum um lagasetningu á sviði fjármunaréttar. Samræmi í löggjöf auðveldar samningagerð og eykur réttaröryggi við kaup á hinu samnorræna markaðssvæði. Vaxandi milliríkja viðskipti kalla einnig á skýrari reglur um alþjóðleg kaup eins og viðurkennt var með samningi Sameinuðu þjóðanna um lausafjárkaup árið 1980.

## Frumvarp til laga um þjónustukaup

Neytendur þurfa að treysta æ meira á þjónustu sem hinar ýmsu fagstéttir veita. Það skiptir því miklu máli að um hana sé skýr lagarammi. Haustið 1998

kynnti ráðherra á Alþingi frumvarp til laga um þjónustukaup. Setning slíkrar löggjafar er nýmæli hér á landi. Tilgangur hennar er einkum sá að auka vernd neytenda við kaup á vinnu við lausafjármuni, vinnu við fasteignir, geymslu á lausafjármunum, og ýmiss konar ráðgjafarþjónustu. Annars staðar á Norðurlöndum, að Danmörku undanskilinni, hafa verið sett lög um þjónustukaup og tekur frumvarpið mið af þeirri löggjöf.

## Löggjöf um innheimtu

Frumvarp til innheimtulaga miðar einnig að því að styrkja réttarstöðu neytenda. Það var lagt fram á Alþingi vorið 1998, en varð ekki útrætt. Í haust var það síðan endurflutt og er vonast til að það nái fram að ganga á yfirstandandi þingi. Frumvarpið, sem m.a. snertir innheimtu lögmanna, viðskiptabanka, sparisjóða og ýmissa annarra stofnana, tekur einkum mið af norskum og dönskum rétti. Markmiðið með frumvarpinu er að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu. Nýrri innheimtulöggjöf er m.a. ætlað að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða. Í frumvarpinu eru ákvæði um að heimilt sé að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þá þóknun sem heimilt er að krefja skuldara um.

## Aðgerðir til að draga úr persónuábyrgðum og auðvelda greiðslumat

Auk framangreindra frumvarpa hafa verið í undirbúningi aðgerðir til að draga úr persónuábyrgðum og auðvelda greiðslumat. Sú vinna á rætur að rekja til umræðu um að einstaklingar séu beittir ósanngirni þegar þeir ganga í ábyrgðir til tryggingar lánnum. Þessi umræða stafar ekki síst af sívaxandi skuldum heimilanna og vaxandi vanskilum í kjölfar efnahagssamdráttarins í byrjun þessa áratugar. Fleiri lán féllu á ábyrgðarmenn en áður og ýmsum þótti staða þeirra gagnvart lánveitendum vera veik. Í því sambandi var t.a.m. bent á tilvik þar sem talið var að lánveitanda hefði átt að vera ljóst að lántaki gæti ekki staðið undir greiðslubyrði lánsins og að lánið mundi falla á ábyrgðarmann þess.

Mikil vinna hefur verið lögð í það í viðskiptaráðuneytinu að draga úr persónuábyrgðum. Í skoðanakönnun sem nefnd á vegum ráðuneytisins lét gera kom fram að um 90 þúsund Íslendingar væru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum eða nærri helmingur Íslendinga á aldrindum 18-75 ára. Nefndin lagði til að gripið yrði til aðgerða til að draga úr veitingu lána með ábyrgð þriðja aðila, lög yrðu rýmkuð þannig að lánveitendum yrði gert auðveldara að fá upplýsingar um skulda- og vanskilastöðu lántaka og að sérstakt kapp yrði lagt á fræðslu um fjármál heimila og einstaklinga.

Að öllu þessu hefur verið unnið. Í janúar 1998 var skrifað undir samkomulag stjórnvalda, bankakerfisins, greiðslukortafyrirtækjanna og Neytendasamtakanna um aðgerðir til að draga úr vægi persónuábyrgða. Í samkomulaginu er skýrt kveðið á um upplýsingaskyldu banka og greiðslukortafyrirtækja þegar persónuábyrgð er sett til tryggingar fjárskuldbindingu. Í samkomulaginu eru einnig ákvæði um að ábyrgðarmenn geti

með einföldum hætti krafist þess að lánveitandi meti greiðslustöðu aðalskuldara. Enn fremur hefur viðskiptaráðuneytið unnið með félagsmálaráðuneyti að því að auðvelda aðgang lánveitanda að upplýsingum um skulda- og vanskilastöðu lántaka, þó þannig að aðgangurinn sé aðeins heimill að fengnu samþykki lántaka. Einnig hefur ráðuneytið unnið með bankakerfinu og menntamálaráðuneytinu að því að auka fræðslu um fjármál heimilanna.

## Frumvarp til laga um lagaskil á sviði samningaréttar

Í haust verður enn fremur kynnt á Alþingi frumvarp til nýrrar löggjafar sem miðar að því að setja skýrar reglur um hvaða lög skuli gilda um viðskipti tveggja aðila sem ekki eru búsettir í sama ríki. Á undanförunum árum hefur viðskiptafrelsi stóraukist á Íslandi. Útrás íslenskra fyrirtækja og alþjóðavæðing íslensks athafnalífs er því orðin staðreynd. Eftir því sem viðskipti einstaklinga og fyrirtækja yfir landamæri aukast verður brýnna að í lögum séu skýrar reglur um við hvaða lög eigi að miða í slíkum viðskiptum.

Nokkrir alþjóðasamningar hafa verið gerðir um lagaskil á sviði samningaréttar, t.a.m. undirrituðu aðildarríki Evrópubandalagsins slíkan samning, Rómarsamninginn (*Rome Convention*), árið 1980.

Eftir að Ísland gerðist þátttakandi í EES og þar með sameiginlegum innri markaði ESB hafa viðskipti íslenskra aðila við aðila í öðrum ríkjum aukist og búast má við að þau verði enn meiri í framtíðinni. Ráðuneytið taldi af þeim sökum mjög brýnt að íslenskar lagaskilareglur yrðu samræmdar þeim reglum sem gilda um þetta efni í aðildarríkjum ESB og er frumvarp þetta reist á áður nefndum Rómarsamningi.

## Félagaréttur

Á grundvelli breytinga á löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög hefur Hagstofa Íslands frá 1. september 1997 haldið hlutafélagaskrá og samvinnufélagaskrá á sama stað og fyrirtækjaskrá hagstofunnar. Markmiðið með breytingunum var hagræðing í rekstri. Í framtíðinni er einnig gert ráð fyrir því að Hagstofan haldi firmaskrár og sjálfseignarstofnanaskrá. Vegna athugasemda frá eftirlitsstofnun EFTA hafa einnig verið gerðar nokkrar smábreytingar á framangreindri löggjöf.

## Löggildingarstofa - skilvirkt og öruggt eftirlit

Í upphafi árs 1997 tók ný stofnun, Löggildingarstofa við hlutverki Rafmagnseftirlits ríkisins og gömlu Löggildingarstofunnar. Meginhlutverk Löggildingarstofu eru eftirfarandi: rafmagnseftirlit, mælifræði, markaðseftirlit og faggilding. Á sama tíma voru samþykkt ný lög um fyrirkomulag rafmagns-öryggismála, en með gildistöku þeirra lauk löngu óvissutímabili í þeim efnunum. Þessar breytingar stuðluðu einnig að því að draga úr opinberu eftirliti, en gera það jafnframt skilvirkara og nútímalegra.

Í því skyni að tryggja öryggi neytenda sem best er nú gerð sú krafa að löggiltir rafverktakar komi sér upp innra öryggisstjórnunarkerfi með eigin starfsemi. Öryggi neytenda gagnvart starfsemi rafveitna er tryggt á sama hátt því gerðar eru svipaðar kröfur til rafveitna og rafverktaka. Rafveitum ber að koma sér upp viðurkenndu innra öryggisstjórnunarkerfi.

Löggildingarstofa er mælifræðistofnun Íslands og varðveitir landsmæligrunna í massa, hita og á mörgum fleiri sviðum. Vægi mælifræðinnar hefur aukist jafnt og þétt með auknum iðnaði og alþjóðlegri verslun. Markvisst hefur því verið unnið að uppbyggingu mælifræði á Íslandi seinustu ár til þess að mælingar í iðnaði og viðskiptum standist ströngustu alþjóðlegar kröfur.

Í kjölfar nýrra laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu sem samþykkt voru 1995<sup>11</sup> var sett á fót markaðsgæsludeild innan Löggildingarstofu sem sinnir framkvæmd laganna. Deildin sinnir neytendavernd á sviði vöruöryggis og hefur unnið brautryðjandastarf á því sviði. Markmið deildarinnar er að tryggja að vörur á markaði standist kröfur um hollustu, öryggi og umhverfisvernd.

Faggilding sem skoðunarstofur sjá um hefur aukist á síðustu árum, einkum þeirra sem fylgjast með hvers kyns vöru sem uppfylla þarf ákveðnar kröfur. Í faggildingunni felst viðurkenning á menntun og kunnáttu viðkomandi og hæfni hans til að sinna tilteknum verkefnum. Faggiltar skoðunarstofur þurfa að standast viðamikla úttekt og hlíta reglubundnu eftirliti faggildingaraðila. Með EES-samningnum skuldbundu Íslendingar sig til að tryggja hæfni á þennan hátt.

Mótuð hefur verið sú stefna að óháðar faggiltar skoðunarstofur sinni rafmagnseftirliti. Þannig er skilið á milli stjórnsýsluþáttar eftirlitsins sem Löggildingarstofa hefur með höndum og þess eftirlits sem skoðunarstofur sinna í umboði Löggildingarstofu. Þessi aðferð hefur einnig verið notuð við löggildinguna mælitækja og nýlega tóku einnig til starfa skoðunarstofur í sjávarútvegi sem hafa með höndum eftirlit með hollustuháttum við framleiðslu sjávarafurða.

Til þess að unnt sé að fela einkaaðilum eftirlit sem hið opinbera hefur haft með höndum er grundvallaratriði að þeir séu óháðir öllum þeim sem eftirlitið beinist að og öðrum sem gætu haft hagsmuni af niðurstöðum þeirra. Til þess að tryggja að þessi sjónarmið nái fram að ganga var farin sú leið að gera kröfu um faggildinguna á þeim skoðunarstofum sem annast eftirlit.

Þessar breytingar endurspeglar einnig stefnu núverandi ríkisstjórnar gagnvart eftirliti í skjóli opinbers valds. Þær felast í því gera markvissari kröfur til fyrirtækja en áður, samþætta eftirlit og fela sjálfstæðum aðilum verkefni eftir því sem kostur er.

---

<sup>11</sup> Lög nr. 134/1995.

### 3. Önnur mál

Af öðrum mikilvægum málum sem unnið hefur verið að í ráðuneytinu á þessu sviði má nefna endurbætur á lögum um sölu notaðra ökutækja og vinnu við samnorræna áætlun um neytendafræðslu í skólum. Enn fremur lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis (skiptileigusamninga), sem ætlað er að auka vernd kaupenda slíks afnotaréttar. Þá voru á vorþingi 1998 samþykkt lög um verslunaratvinnu sem færa eiga löggjöfina til nútímahorfs. Í köflum V.3 og VI.3 er veitt tæmandi yfirlit yfir þingmál sem afgreidd hafa verið á sviði samkeppnis-, neytenda- og viðskiptamála og starf verkefnanefnda.



# IV. Fjármagnsmarkaður og fjárfestingarmál

## 1. Inngangur

Óhætt er að fullyrða að fjármagnsmarkaðurinn hafi tekið stakkaskiptum á kjörtímabilinu. Hann hefur dafnað vel við einstaklega hagstæð ytri skilyrði og ráðist hefur verið í miklar skipulagsbreytingar sem auka munu alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks fjármagnsmarkaðar.

Árið 1995 nam lánsfjárförf ríkissjóðs tæpum 19 milljörðum króna. Eftirmarkaður með ríkisskuldabréf var þá nánast óvirkur og raunvextir á ríkistryggðum skuldabréfum um 6%. Nú er öldin önnur. Ríkissjóður er rekinn með afgangi, markaðurinn hefur dýpkað og verðmyndun er öll þróaðri en áður. Raunvextir ríkisskuldabréfa eru nú vel undir 5%, m.a. vegna þess að lánsfjárefitirspurn ríkisins er nær engin. Vöxtur hlutabréfamarkaðar hefur verið ævintýrlegur. Í byrjun árs 1995 voru 24 fyrirtæki skráð á Verðbréfaþingi Íslands og markaðsverðmæti þeirra sem hlutfall af landsframleiðslu var tæp 8%. Í lok árs 1998 er búist við að skráð fyrirtæki verði um 70 og markaðsverðmæti þeirra nærri 40% af landsframleiðslu.

Fjármálafyrirtæki þurfa að búa við samræmt og skilvirkt laga- og regluhverfi, eigi þau að geta veitt trausta og góða þjónustu á sem ódýrasta hátt. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að viðhorf viðskiptavina fjármálafyrirtækja hafa breyst mikið. Almennings og atvinnulífið ætlast til annarrar og betri þjónustu nú en fyrir nokkrum árum. Þetta hefur verið tekið með í reikninginn við skipulagsbreytingar á fjármagnsmarkaði.

Mörg stór mál hafa náð fram að ganga á kjörtímabilinu í þessum málaflokki. Þar má nefna hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna og endurskipulagningu fjárfestingarlánasjóðanna með sameiningu fjárfestingarlánasjóða og stofnunar Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Síðan hefur markvisst verið unnið að því að draga úr eignarhaldi ríkisins á fjármálafyrirtækjum með sölu á hlutafé í bönkum í eigu ríkisins og skráningu þeirra á hlutabréfamarkað. Þá er nýtt og sterkara fjármálaeftirlit í auglýsni, en það verður til við sameiningu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Með nýrri löggjöf um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða var einkaréttur Verðbréfaþings Íslands á kauphallarstarfsemi afnuminn og sett inn ýmis ákvæði til eflingar verðbréfamarkaði. Með nýrri löggjöf um rafræna eignarskráningu verðbréfa og stofnun félags um verðbréfamíðstöð hefur verið lagður grunnur að pappírslausum viðskiptum með verðbréf. Að síðustu má nefna mikið starf sem unnið hefur verið til að laða erlent fjármagn til landsins og auðvelda fjárfestingu hér á landi að því er lög varðar.

Vel hefur tekist til við þessar róttæku breytingar. Það lýsir sér t.d. í því að

alþjóðastofnanir hafa að undanfögnu lofað þann góða árangur sem náðst hefur á sviði efnahagsmála, m.a. vegna endurskipulagningar á fjármagnsmarkaði og aukinnar erlendra fjárfestingar. Vaxandi lánshæfismat íslenska ríkisins endurspeglar árangursríka efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar.

## 2. Helstu nýmæ li

### Ríkisviðskiptabankarnir og fjárfestingarlánasjóðir

Frá 1995 hefur viðskiptaráðuneytið unnið markvisst að skipulagsbreytingum á ríkisviðskiptabönkunum og fjárfestingarlánasjóðunum. Þær breytingar voru mjög víðtækar, en tókust í alla staði mjög vel í góðri samvinnu við starfsmenn og aðra hagsmunaaðila. Í byrjun árs 1998 tók gildi breyting á rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í hlutafélög og sameining fjögurra fjárfestingarlánasjóða í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Breytingar þessar gerðu fjármálafyrirtækjum í ríkiseigu kleift að starfa eftir sömu leikreglum og samkeppnisfyrirtæki þeirra og hlutverk ríkisins í nýsköpun var eftl.

Árangurinn af þessum aðgerðum er þegar að koma í ljós. Rekstur Landsbankans og Búnaðarbankans hefur gengið ákaflega vel á þessu ári og er hagnaður þeirra meiri en um mjög langt skeið þrátt fyrir að vaxtamunur hafi minnkað verulega. Áhyggjur manna af því að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en unnt væri að hefja sölu hlutafjár ríkissjóðs hafa ekki átt við rök að styðjast. Aðlögunarhæfni bankanna hefur verið með ágætum, svo sem sést á hagnaði þeirra og minni lántökukostnaði vegna nýrra lána þrátt fyrir afnám ríkisábyrgðar.

Ekki er nokkur vafi á því að rekstur Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefur gengið vel. Í stað gamalla sérhæfðra atvinnugreinasjóða er komið eitt framsæknasta fjármálafyrirtæki landsins sem hefur virkað sem vítamínsprauta á markaðinn og bryddað upp á nýjungum við fjármögnun. Þessi róttæka skipulagsbreyting, þar sem fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins var fækkað, hefur aukið verðmæti þessara eigna þjóðarinnar.<sup>12</sup>

### Sala banka í eigu ríkisins

Ekki er lengur deilt um að í framhaldi af skipulagsbreytingunum á fjármagnsmarkaði eigi ríkið að draga sig út úr rekstri fjármálafyrirtækja. Ríkisstjórnin hefur markað stefnu varðandi sölu hlutabréfa í bönkunum á næstu misserum og eru fyrstu áfangarnir samkvæmt henni nú þegar komnir í framkvæmd. Í stefnu ríkisstjórnarinnar felst útgáfa á nýju hlutafé í Landsbanka og Búnaðarbanka

---

<sup>12</sup> Fjallað er um starfsemi Nýsköpunarsjóðs í kafla I.2.

í því skyni að skrá bankana á hlutabréfamarkaði. Enn fremur verður Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. seldur að öllu leyti og er stefnt að því að það verði fyrir mitt ár 1999.

Þessi stefnumörkun ríkisstjórninnar er skynsamleg. Skráning bankanna á Verðbréfaþingi veitir þeim nauðsynlegt aðhald og skapar festu og aga í rekstri þeirra. Verðmæti bankanna verður þá mælt með viðskiptum á markaði og sá agi í viðskiptum sem skráningu fylgir nýttur þeim til framdráttar. Markmiðið er að sala hlutafjár verði nýtt til hins ítrasta af stjórnendum bankanna til að styrkja markaðsímynd þeirra og efla samkeppnishæfni, meðal annars með innri hagræðingu og tækninýjungum. Þetta er mjög mikilvægt. Enn fremur er mikilvægt að tryggja dreifða eignaraðild, enda verður við það miðað við sölu hlutafjár að almenningur eigi þess kost að eignast hlut í bönkunum að svo miklu leyti sem markaðsaðstæður leyfa.

Með hlutafjárútbóði Landsbankans var stigið fyrsta skrefið í anda þessarar stefnu. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til. Yfir tólf þúsund manns skráðu sig fyrir hlut í bankanum. Nú stendur yfir sala á 49% í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins í dreifðri sölu til almennings og fyrir dyrum stendur hlutafjárútbóð í Búnaðarbanka Íslands. Allar líkur benda til þess að um áramótin verði Landsbankinn, Búnaðarbankinn og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins allir skráðir á Verðbréfaþingi Íslands og að hluta í eigu íslensks almennings. Þetta er grundvallarbreyting á íslenskum fjármagnsmarkaði.

## Nýtt og sterkara fjármálaeftirlit

Í byrjun árs 1999 verða bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið sameinuð í eina stofnun, Fjármálaeftirlitið. Þessi sameining er gerð samkvæmt lögum sem sett voru á Alþingi í byrjun júní<sup>13</sup> og tekur mið af niðurstöðum nefndar um endurskoðun á opinberu eftirliti með fjármálastofnunum. Tilgangurinn með þessari breytingu er að stuðla að öruggara og heildstæðara eftirliti á fjármagnsmarkaði en áður. Sameiningin er í takt við nýlega þróun fjármagnsmarkaðar á Íslandi og í nálægum löndum þar sem skil á milli einstakra þátttakenda á fjármagnsmarkaði verða sífellt óljósari. Fjármálasamsteypur sem bjóða víðtæka og fjölbreytta þjónustu verða æ algengari. Við slíkar aðstæður hlýtur að vera bæði óeðlilegt og óhagkvæmt að fjármagnseftirlit sé í höndum tveggja aðila. Með sameiningunni verður eftirlitið skilvirkara og öruggara.

## Ný löggjöf um kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði

Með lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða<sup>14</sup> sem samþykkt voru á Alþingi í apríl 1998 var afnuminn einkaréttur Verðbréfaþings Íslands til verðbréfaþingsstarfsemi. Tilgangurinn með afnámi einkaréttarins var að

---

<sup>13</sup> Nr 84/1998.

<sup>14</sup> Nr 34/1998.

skapa grundvöll fyrir aukna samkeppni á verðbréfamarkaði og að gera íslenskan verðbréfamarkað samkeppnishæfari á alþjóðavettvangi. Í víðara samhengi mun þessi breyting einnig styrkja íslenskt atvinnulíf, en öflugur verðbréfamarkaður er ein meginforsenda uppbyggingar í íslensku atvinnulífi í framtíðinni.

Auk þess að afnema einkarétt á verðbréfafingsstarfsemi eru í frumvarpinu nokkur mikilvæg nýmæli. Í fyrsta lagi er þar sérstaklega kveðið á um starfsemi skipulagðra tilboðsmarkaða þar sem viðskipti fara fram með verðbréf sem ekki hafa verið opinberlega skráð í kauphöll. Slíkir markaðir eru nauðsynlegir fyrir hin smærri fyrirtæki, svo og fyrir þau fyrirtæki sem vegna sérstakra aðstæðna telja sér ekki fært að leita eftir opinberri skráningu í kauphöll. Með þessum nýmælum verður litlum og meðalstórum fyrirtækjum gert betur kleift en ella að afla hlutafjár á markaði. Þegar til lengdar lætur verður þetta því til þess að styrkja nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í landinu.

Með lögunum er í öðru lagi í fyrsta sinn lögfest ákvæði um yfirtökuutilboð í félagi sem hefur verið opinberlega skráð í kauphöll. Í mörg ár hefur verið rætt um hér á landi að setja þyrfi ákvæði í lög sem vernda minnihluta hluthafa í skráðum félögum. Þessari þörf er mætt með ofangreindum ákvæðum. Með þeim eru m.a. settar skýrar reglur um hvenær skylt sé að gera öðrum hluthöfum tilboð um að kaupa hlut þeirra í félagi þar sem einn aðili hefur eignast meirihluta hlutafjár eða stjórnar félaginu á annan hátt.

## Stuðlað að pappírslausum verðbréfiðskiptum

Með gildistöku laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa haustið 1997<sup>15</sup> og stofnun undirbúningsfélags Verðbréfaskráningar Íslands í júní 1997 var lagður grunnur að eflingu pappírslausra viðskipta hérlendis. Gert er ráð fyrir að skráning réttinda yfir verðbréfum, varsla þeirra og uppgjör viðskipta fari fram í verðbréfamiðstöð (Verðbréfaskráningu Íslands). Skráning í verðbréfamiðstöð verður eina lögformlega skráningin á eignarhaldi þeirra verðbréfa sem þar eru skráð og kemur þannig í stað verðbréfanna sjálfra. Verðbréfaskráningin er að 4/7 hlutum til í eigu viðskiptabanka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja og annarra lánastofnana, en ríkissjóður, lífeyrissjóðir og hlutafélög eiga 1/7 hluta hvert.

Með pappírslausum verðbréfiðskiptum hérlendis er stigið framfaraspor á íslenskum verðbréfamarkaði. Rafræn skráning eignarhalds á verðbréfum er forsenda fyrir því að íslenskur verðbréfamarkaður sé samkeppnisfær og geti tekið þátt í hraðri uppbyggingu alþjóðlegs markaðar með verðbréf. Enn fremur þykir einsýnt að verðbréfamiðstöð muni spara ríkissjóði og öðrum aðilum á verðbréfamarkaði stórfé.

---

<sup>15</sup> Nr. 131/1997.

## Erlend fjárfesting stóreykst

Á árunum 1996 og 1997 stórvókst bein fjárfesting erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri eftir áratuga stöðnun. Í lok ársins 1997 var erlend fjárfesting um 24 milljarðar kr. og hafði þá aukist um tæpa 11 milljarða frá árinu áður eða um 80%. Á árunum 1991-95 var erlend fjárfesting hins vegar vart mælanleg. Í lok ársins 1997 höfðu erlendir aðilar fjárfest beint í um 70 íslenskum fyrirtækjum. Drýgstan hluta þessarar auknu fjárfestingar má rekja til aukinnar nýfjárfestingar og endurfjárfestingar í stóriðju, þ.e.a.s vegna stækkunar álversins í Straumsvík, járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og byggingar álvers Norðuráls á sama stað.<sup>16</sup>

Erlend fjárfesting skiptir miklu máli fyrir þjóðarbúið. Hún eykur umsvif og framleiðslugetu hagkerfisins og styrkir þannig íslenskt efnahagslíf jafnframt því sem hún eykur atvinnu og fjölbreytni atvinnulífsins. Enn fremur ýtir hún undir innflutning þekkingar í markaðsmálum, tækni og stjórnun. Það skiptir því miklu máli að markvisst sé haldið áfram að kynna fjárfestingarkosti á Íslandi, en vaxandi erlend fjárfesting á undanförunum árum stafar ekki síst af öfluglu markaðsstarfi. Til þess að stuðla að enn markvissara og skilvirkara starfi í þá átt var ákveðið sumarið 1998 að sameina starfsemi Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar annars vegar og Fjárfestingarskrifstofu viðskiptaráðuneytisins og Útflutningsráðs hins vegar undir einni stjórn.

## 3. Önnur mál

Af öðrum mikilvægum verkefnum sem unnið hefur verið að í ráðuneytinu má nefna að á síðasta ári var lögum um Seðlabanka Íslands breytt til samræmis við nýjar aðstæður á fjármagnsmarkaði. Unnið hefur verið að víðtækum endurbótum á lögum og reglum um váttryggingastarfsemi. Lög um verðbréfavíðskipti voru aðlöguð annarri löggjöf á sviði fjármagnsmarkaðar og lögum um viðskiptabanka og sparisjóði breytt vegna skuldbindinga í EES-samningnum. Þá var lögum um erlenda fjárfestingu breytt í þá átt að auka heimildir erlenda aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hérlendis.

Af þeim málum sem nú er unnið að í ráðuneytinu má nefna löggjöf um peningþvætti, endurskoðun á hlutverki og stöðu sparisjóðanna á íslenskum fjármagnsmarkaði og setningu löggjafar um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Tæmandi yfirlit yfir þingmál og starf verkefnanefnda á sviði fjármagnsmarkaðar og fjárfestingar er að finna í köflum V.4 og VI.4.

---

<sup>16</sup> Sjá kafla II.2.

# V. Yfirlit yfir þingmál

## 1. Þingmál - iðnaður og nýsköpun

### Lög nr. 135/1995 um breytingu á lögum nr. 76/1987 um Iðnlánasjóð

Með lögunum var hlutverk tryggingalánadeildar Iðnlánasjóðs aukið þannig að henni varð heimilt að tryggja verkábyrgðir íslenskra verktaka vegna verka sem boðin eru út á EES-svæðinu eða í öðrum ríkjum. Megintilefni þess að í árslok 1995 var ákveðið að breyta lögunum í þessa átt, var fyrirhuguð stækkun álversins í Straumsvík. Sýnt þótti að tækifærum íslenskra verktaka til að afla sér verkefna við stækkunina mundi fjölga mjög með þessari breytingu.

### Lög nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum

Markmið laganna var m.a. að tryggja að samræmdar reglur giltu um rétt til að nota starfsheiti sem falla undir svið iðnaðarráðuneytisins og að íslensk löggjöf á þessu sviði væri í samræmi við skuldbindingar Íslands vegna EES-samningsins.

### Lög nr. 36/1996 um breytingu á lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, lögum um vörumerki nr. 47/1968 og lögum um hönnunarvernd nr. 48/1993

Með lögunum var breytt ýmsum ákvæðum laga um einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd sem breyta þurfti vegna skuldbindinga Íslands, annars vegar vegna samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og samnings um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS) og hins vegar vegna EES-samningsins. Enn fremur fólu lög in í sér breytingar til samræmis við norræna og evrópska löggjöf.

### Lög nr. 63/1996 um breytingu á lögum nr. 9/1970 um Iðnþróunarsjóð

Í lögum nr. 20/1995 um Iðnþróunarsjóð var kveðið á um að lög in skyldu endurskoðuð fyrir 1. maí 1996. Ofangreind lög miðuðu að því að framlengja starfsemi Iðnþróunarsjóðs til ársloka 1997 eða þar til gengið hefði verið frá sameiningu þriggja fjárfestingarlánasjóða (Iðnþróunarsjóðs, Iðnlánasjóðs og Fiskveiðasjóðs) og stofnun arftaka þeirra, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóðs.

## Lög nr. 81/1996 um breytingu á lögum nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald

Í eldri lögum um iðnaðarmálagjald var vísað til atvinnugreinaflokkunar Hagstofunnar frá árinu 1970. Með nýju lögunum var hins vegar tekin upp tilvísun í nýja atvinnugreinaflokkun frá árinu 1995 (ÍSAT 1995).

## Lög nr. 91/1996 um breytingu á lögum nr. 36/1996, um breytingu á lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, lögum um vörumerki nr. 47/1968 og lögum um hönnunarvernd nr. 48/1993

Markmiðið með samþykkt laganna var að taka af allan vafa um að ákvæði einkaleyfalaga um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja öðluðust ekki gildi fyrr en 2. janúar 1998. Enn fremur að taka af vafa um að með einkaleyfisumsóknir, sem bærust fyrir gildistöku laga nr. 36/1996, skyldi farið eftir ákvæðum einkaleyfalaganna eins og þau voru áður en þeim var breytt.

## Lög nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga

Lögin tóku gildi samhliða lögum um Löggildingarstofu nr. 155/1996<sup>17</sup>, en saman miðuðu þau að því að samræma opinbert eftirlit á verksviði ráðuneytisins með sameiningu Rafmagnseftirlits ríkisins og Löggildingarstofu. Lögin kváðu enn fremur á um aðskilnað opinberrar stjórnarsýslu annars vegar og eftirlits hins vegar, en í þeim er gert ráð fyrir að eftirlit sé í höndum faggiltra skoðunarstofa á frjálsum markaði. Þá voru í lögunum ákvæði sem miða að því að tryggja skilvirka gæðastjórnun og innra eftirlit í starfsemi raforkufyrirtækja og annarra sem að þessum málum starfa.<sup>18</sup>

## Lög nr. 40/1997 um breytingu á iðnaðarlögum nr. 42/1978

Í samningnum um EES er m.a. gert ráð fyrir að ríkisborgarar EES-ríkja fái rétt til starfa í iðnaði í öðrum aðildarríkjum á grundvelli starfs og starfsþjálfunar í tiltekinn tíma (sex til átta ár). Með ofangreindum breytingum á iðnaðarlögum voru tekin upp í íslenskan rétt þessi ákvæði EES-samningsins um rétt ríkisborgara EES-ríkja til starfa í iðnaði í öðrum aðildarríkjum.

## Lög nr. 45/1997 um vörumerki

Vegna skuldbindinga Íslands í EES-samningnum um aðild að Madrid-bókuninni um alþjóðlega skráningu vörumerkja frá 1. janúar 1997 þurfti að taka upp í íslenska vörumerkjälöggjöf ákvæði sem gera alþjóðlega skráningu vörumerkja hér á landi mögulega. Enn fremur tóku þær breytingar, sem lögin fólu í

---

<sup>17</sup> Sjá kafla V.3.

<sup>18</sup> Nánar er fjallað um þessa breytingu í kafla III.2 að framan.

sér, mið af þróun vörumerkjaréttar annars staðar á Norðurlöndum.

## **Lög nr. 132/1997 um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi**

Lögin voru sett eftir að felld var inn í EES-samninginn reglugerð um útgáfu viðbótartvottorðs um vernd plöntuvarnarefna, en samkvæmt henni getur verndartími einkaleyfis á plöntuvarnarefnum lengst um fimm ár hið mesta.

## **2. Þingmál - auðlindir og orkunýting**

### **Lög nr. 155/1995 um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík**

Í samningi á milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse Lonza Holding Ltd. um stækkun álbræðslu ÍSAL í Straumsvík, sem undirritaður var 16. nóvember 1995, var fyrirvari um að Alþingi staðfesti samninginn. Með ofangreindum lögum var samningurinn (fimmti viðaukasamningur við aðalsamning um álver í Straumsvík) lögfestur.<sup>19</sup>

### **Lög nr. 9/1997 um breytingu á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun**

Í lok október 1996 var gert samkomulag á milli ríkisins, borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Akureyrar um breytingu á sameignarsamningi þessara aðila um eignarhald og rekstur Landsvirkjunar. Lögin voru samþykkt á Alþingi í kjölfar þess samkomulags. Með lögunum var í fyrsta lagi staðfest samkomulag eignaraðila um breytingar á stjórnskipulagi fyrirtækisins til samræmis við ákvæði hlutafélagalaga. Í öðru lagi kváðu lögin á um endurmat á framlögum eigenda Landsvirkjunar til fyrirtækisins og nýjan stofn til arðgreiðslu. Í þriðja lagi var með gildistöku laganna staðfest samkomulag eignaraðila um að rýmka heimildir fyrirtækisins til að taka þátt í verkefnum erlendis.<sup>20</sup>

### **Lög nr. 62/1997 um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga**

Með lögunum var ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd veitt heimild til að semja við Columbia Ventures Corporation (eða aðra aðila) um nýtt álver á Grundartanga. Lögin voru samþykkt á Alþingi í maí árið 1997, en samningar um álver Norðuráls á Grundartanga voru undirritaðir í byrjun ágúst sama ár.<sup>21</sup>

---

<sup>19</sup> Sjá nánar í kafla II.2.

<sup>20</sup> Sjá einnig kafla II.2.

<sup>21</sup> Sjá kafla II.2.



## Lög nr 64/1997 um breytingu á lögum nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði

Í byrjun mars 1997 var gert samkomulag um stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga og breytingar á eignarhlutum eignaraðila. Með lögnum var ríkisstjórninni veitt lagaheimild til að ganga frá samningum við norska fyrirtækið Elkem AS og japanska fyrirtækið Sumitomo Corporation um stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og breytingar á eignarhlutdeild í Íslenska járnblendifélaginu.<sup>22</sup>

## Lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu

Með lögnum voru settar samræmdar reglur um nýtingu auðlinda í jörðu, þ.e. jarðefna, jarðhita og grunnvatns, hvar sem þær er að finna. Samkvæmt þeim getur iðnaðarráðherra veitt leyfi til að rannsaka og nýta auðlindir hvar sem er á landinu. Í því efni hefur landeigandi ekki forgang, en hann fær bætur fyrir tjón og endurgjald fyrir auðlindina samkvæmt samkomulagi eða samkvæmt eignarnámsmati.<sup>23</sup>

## Skýrsla um framgang verkefna á sviði stóriðju

Skýrslan var lögð fram á 122. löggjafarþingi 1997-98. Í skýrslunni er gerð grein fyrir hvernig þeim stóriðjuverkefnum miðar áfram sem Alþingi veitti heimild fyrir á árunum 1995-1997 sem og nýtingu lagaheimildanna. Í skýrslunni er jafnframt í stuttu máli gerð gein fyrir stöðu annarra verkefna á sviði orkufreks iðnaðar sem eru á undirbúnings- og viðræðustigi.

## Tillaga til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að unnið skuli að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í upphafi verði unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna, endurskipulagningu á meginflutningskerfi raforkunnar og breyttu fyrirkomulagi orkusölu til stórra notenda. Í kjölfarið verði unnið að því að koma á samkeppni í viðskiptum með raforku. Samkvæmt tillögunni felur Alþingi iðnaðarráðherra tiltekin verkefni til að undirbúa breytingarnar. Tillagan var lögð fram á 122. löggjafarþingi 1997-98, en var ekki afgreidd.<sup>24</sup>

---

<sup>22</sup> Sjá nánari umjöllun í kafla II.2.

<sup>23</sup> Sjá kafla II.2.

<sup>24</sup> Sjá um endurskoðun orkulaga í kafla II.2.

### 3. Þingmál - samkeppnis-, neytenda- og viðskiptamál

#### Lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu

Meginmarkmiðið með setningu laganna var að tryggja að til væru almenn lög um öryggi vöru eins og gert er ráð fyrir í samningi um EES. Lögin komu ekki í stað sérlaga um eftirlit með einstökum vöruflokkum, en skorti sérlög, eiga ákvæði laganna við.

#### Lög nr. 155/1996 um Löggildingarstofu

Í lögunum er kveðið á um að ný stofnun, Löggildingarstofa, taki við verkefnum sem Rafmagnseftirlit ríkisins og Löggildingarstofan höfðu áður. Lögin tóku gildi samhliða lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996,<sup>25</sup> en saman miðuðu þau að því að samræma opinbert eftirlit á verksviði ráðuneytisins og ná fram aukinni hagræðingu í rekstri ríkisins. Löggildingarstofa tók til starfa í ársbyrjun 1997.

#### Lög nr. 20/1997 um breyting á lögum nr. 69/1994 um sölu notaðra ökutækja

Með lögunum var m.a. gerð sú breyting að veiting leyfis til sölu notaðra ökutækja var flutt frá sýslumönnum til viðskiptaráðherra. Lögin gera ráð fyrir að eftirlit verði áfram í höndum lögreglustjóra, en í þeim eru ákvæði sem kveða skýrar á um framkvæmd þess.

#### Lög nr. 23/1997 um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis

Lögin voru sett vegna skuldbindinga í EES-samningnum um verndun kaupenda vegna samninga um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni. Meginmarkmið lagasetningarinnar var að setja lágmarksreglur um samningsgerð og tryggja kaupendum slíkra réttinda nægilega vernd.

#### Lög nr. 131/1997 um breytingu á lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög

Lögin, sem voru sett samhliða breytingu á lögum um hlutafélög (að neðan), fela í sér nokkrar smábreytingar frá fyrri löggjöf um einkahlutafélög vegna

---

<sup>25</sup> Sjá V.1. hér að framan.

athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA með hliðsjón af 1. og 2. félagaréttartilskipun sem eru hluti EES-samningsins.

### **Lög nr. 35/1997 um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög**

Með lögnum voru gerðar nokkrar smábreytingar á gildandi lögum um hlutafélög vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA með hliðsjón af 1. og 2. félagaréttartilskipun sem eru hluti EES-samningsins. Lögin voru sett samhliða sams konar lögum um breytingar á lögnum um einkahlutafélög (hér að ofan).

### **Lög nr. 116/1997 um breytingu á lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög**

Lögin voru sett eftir að komið höfðu athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA á grundvelli 11. félagaréttartilskipunarinnar varðandi útibú o.fl.

### **Lög nr. 117/1997 um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög**

Lögin voru sett vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli 3. félagaréttartilskipunarinnar um samruna hlutafélaga, 6. tilskipunarinnar um skiptingu hlutafélaga og 11. tilskipunarinnar varðandi útibú.

### **Lög nr. 28/1998 um verslunaratvinnu**

Í lögnum felst heildarendurskoðun á fyrri löggjöf um verslunaratvinnu sem m.a. miðar að því að færa löggjöfina til nútímahorfs. Þá voru felld inn í lögin ýmis sérlög og sérákvæði um verslunaratvinnu.

### **Skýrsla viðskiptaráðherra um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum**

Skýrslan var samin að beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur og 10 annarra þingmanna jafnaðarmanna. Í samræmi við óskir þingmannanna er í skýrslunni m.a. leitast við að varpa ljósi á hvort haft sé samráð um verð vöru og þjónustu í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum. Enn fremur er reynt að gera grein fyrir því hvernig hagsmunatengslum og valdasamþjöppun í ofangreindum atvinnugreinum sé háttað og hvort samkeppnishættir hamlí gegn eðlilegum viðskiptaháttum og leiði til hærra verðs en ella á vöru og þjónustu fyrir neytendur.

## 4. Þingmál - fjármagnsmarkaður og fjárfesting

### Lög nr. 13/1996 um verðbréfiðskipti

Setning laganna var liður í aðlögun íslensks réttar að ákvæðum samningsins um EES og tóku þau gildi samhliða lögum um verðbréfasjóði og lögum um Verðbréfaþing Íslands. Lögin tóku að verulegu leyti mið af ákvæðum fyrri laga um verðbréfiðskipti, en svo miklu var aukið við þau í tengslum við efnisákvæði tilskipana Evrópusambandsins að ákveðið var að endurútgefa lögin í heild sinni.

### Lög nr. 21/1996 um breytingu á lögum nr. 10/1993 um verðbréfasjóði

Lögin voru sett samhliða lögum um verðbréfiðskipti nr. 13/1996 og Verðbréfaþing Íslands nr. 22/1996 (hér að ofan). Megintilgangur þessarar lagasetningar var aðlögun íslensks réttar að ákvæðum samningsins um EES.

### Lög nr. 22/1996 um breytingu á lögum nr. 11/1993 um Verðbréfaþing Íslands

Lögin voru sett samhliða lögum um verðbréfiðskipti nr. 13/1996 og verðbréfasjóði nr. 21/1996 og megintilgangurinn var aðlögun íslensks réttar að ákvæðum samningsins um EES.

### Lög nr. 20/1996 um breytingu á lögum nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði

Tilgangur laganna, sem voru sett samhliða lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 39/1996, var að uppfylla skilyrði samningsins um EES sem m.a. kveða á um að sömu reglur skuli gilda um aðrar lánastofnanir og gilda um viðskiptabanka og sparisjóði.

### Lög nr. 39/1996 um breytingu á lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði

Lögin fólu í sér endurskoðun á ýmsum ákvæðum gildandi laga um viðskiptabanka og sparisjóði sem miðaði að því að uppfylla skuldbindingar Íslands vegna samningsins um EES. Lögin voru sett samhliða lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði nr. 29/1996.

## **Lög nr. 46/1996 um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34 /1991 með síðari breytingum**

Meginmarkmið laganna var annars vegar að laga reglur um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi að ákvæðum EES-samningsins og hins vegar að heimila óbeina fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og fiskvinnslu.

## **Lög nr. 131/1996 um breyting á lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar**

Lögin voru sett til að skjóta styrkari stoðum en áður undir heimild ráðherra til þess að ákveða með reglugerð álagningu umsýslugjalds sem renna skal til Fasteignamats ríkisins.

## **Lög nr. 162/1996 um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996-1999 og nýs lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéraðum Norðurlandanna**

Árið 1992 ákváðu Norðurlöndin að hrinda í framkvæmd sérstakri þriggja ára fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að stuðla að uppbyggingu efnahags- og atvinnulífs í þessum ríkjum. Ákveðið var að framlengja fjárfestingaráætlunina til ársins 1999 og var sú ákvörðun tilefni ofangreindra laga.

## **Lög nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands**

Í lögnum er kveðið á um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Á grundvelli laganna voru 10. september 1997 stofnuð hlutafélögin Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. og í ársbyrjun 1998 tóku hlutafélögin hvort um sig við rekstri og starfsemi Landsbanka Íslands annars vegar og Búnaðarbanka Íslands hins vegar.<sup>26</sup>

## **Lög nr. 60/1997 um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.**

Lögin tóku gildi samhliða lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997, en saman fólu lögin í sér víðtækar breytingar á sjóðakerfi atvinnuveganna. Með þeim voru Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður sameinaðir og á grunni þeirra var stofnaður einn öflugur fjárfestingarbanki, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. Jafnframt var settur á stofn Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sem ætlað er að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði

---

<sup>26</sup> Sjá nánar um þetta í kafla IV.2.

nýsköpunar.<sup>27</sup>

### **Lög nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins**

Sjá umfjöllun um lög um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins nr. 60/1997 hér að ofan.

### **Lög nr. 63/1997 um breyting á lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994**

Með þessum lögum var lokið aðlögun íslensks réttar að ákvæðum EES-samningsins um váttryggingamál.

### **Lög nr. 131 um rafræna eignarskráningu verðbréfa**

Gildistaka laganna skapaði grundvöll til þess að taka upp pappírslaus viðskipti með verðbréf hér á landi þar sem rafræn skráning eignarhalds kæmi í stað pappírsvérðbréfa. Hugmyndin er sú að skráning réttinda yfir verðbréfum, varsla þeirra og uppgjör viðskipta fari fram í svokallaðri verðbréfamiðstöð. Í lögnum er getið almennra skilyrða fyrir starfsleyfi slíkrar verðbréfamiðstöðvar.<sup>28</sup>

### **Lög nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða**

Með lögnum var afdnuminn einkaréttur Verðbréfaþings Íslands til verðbréfaþingsstarfsemi. Jafnframt var með þeim sett almenn löggjöf um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.<sup>29</sup>

### **Lög nr. 35/1998 um breytingu á lögum nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti**

Lögin voru sett samhliða lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998 og fela m.a. í sér breytingar sem nauðsynlegar voru til að tryggja samræmi á milli þessara tvennu laga.

### **Lög nr. 39/1998 um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar**

Markmiðið með ofangreindri lagasetningu var að tryggja að upptaka evrunnar í byrjun næsta árs leiði ekki til ógildingar samninga þar sem miðað er við ekur eða einstakar myntir aðildarríkja EMU.

---

<sup>27</sup> Sjá kafla IV.2.

<sup>28</sup> Sjá einnig kafla IV.2.

<sup>29</sup> Í kafla IV.2 er fjallað frekar um þetta.

## **Lög nr. 36/1998 um breytingu á lögum nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands**

Lögin fólu í sér heimild til að leggja niður notkun 5, 10 og 50 aura myntar, þannig að krónan verði lægsta mynteining í umferð.

## **Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi**

Lögin kveða á um að eftirlit með fjármálastarfsemi sem nú er í höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands annars vegar og Vátryggingaeftirlits hins vegar verði sameinað í eina stofnun, Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið mun taka til starfa í upphafi árs 1999.<sup>30</sup>

## **Lög nr. 84/1998 um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit**

Lögin voru sett samhliða ofangreindum lögum um stofnun Fjármálaeftirlits nr. 87/1998.

## **Lög nr. 88/1998 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986**

Með lögunum voru gerðar ýmsar breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Með breytingunum voru lögin samræmd nýlegri löggjöf um fjármagnsmarkaði (m.a. ofangreindum lögum um fjármálaeftirlit) og löguð að breyttum aðstæðum á markaðnum.

## **Lög nr. 94/1998 um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti nr. 13/1996, sbr. lög nr. 35/1998**

Lögin voru sett til að leiðrétta mistök sem urðu þegar málsliður féll niður við síðustu breytingu á lögunum.

## **Skýrsla viðskiptaráðherra um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlandis**

Skýrslan var lögð fram á 122. löggjafarþingi 1997-98. Í henni er greint frá fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlandis eins og kveðið er á um í lögum um erlenda fjárfestingu nr. 34/1991.

---

<sup>30</sup> Sjá kafla IV.2.

# VI. Starf verkefnanefnda

## 1. Verkefnanefndir - iðnaður og nýsköpun

### Nefnd um samkeppnisstöðu innlendarar framleiðslu

Í október 1995 var skipuð nefnd til að meta samkeppnisstöðu innlendarar byggingavöruframleiðslu. Meginverkefni nefndarinnar var að kanna hve mikið ríki og sveitarfélög keyptu af erlendum framleiðsluvörum annars vegar og sambærilegum innlendum framleiðsluvörum hins vegar. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur um hvernig stjórnvöld gætu bætt samkeppnisstöðu innlendarar framleiðslu.

Í niðurstöðum nefndarinnar kom fram að um fjórðungur innfluttrar byggingavöruframleiðslu er í beinni samkeppni við innlenda framleiðslu.<sup>31</sup> Til að auka samkeppnishæfni greinarinnar og ýta undir nýsköpun innan hennar var m.a. lagt til að unnið yrði að því að kynna og taka upp vöruþróunarsamninga. Þá vakti nefndin athygli á mikilvægi gæðastjórnunar og tæknivæðingar fyrir framtíðarstöðu greinarinnar.

### Nefnd um LMF og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs

Í ágúst 1995 var skipuð nefnd til að fjalla um samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi með sérstöku tilliti til þeirra möguleika sem EES-samningurinn býður atvinnulífinu upp á. Á vegum nefndarinnar kom m.a. út kynningarrit um Evrópuverkefni á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.<sup>32</sup> Þá skilaði nefndin til ráðherra ýmsum tillögum sem lagðar hafa verið til grundvallar við stefnumótun á þessu sviði.

### Nefnd um stefnumótun upplýsingasamfélagsins

Í október 1995 fól ríkisstjórnin iðnaðar- og viðskiptaráðherra að gera tillögur að stefnumótun um upplýsingasamfélagið fyrir ríkisstjórn Íslands. Með slíkri stefnumótun var ætlunin að tryggja að ný upplýsinga- og fjarskiptatækni nýttist á sem bestan hátt til efnahagslegra framfara, uppbyggingar atvinnulífs, vísindarannsóknna, og í þágu lista og hvers kyns menningarmála.

---

<sup>31</sup> *Efnisval og atvinnusköpun: innlend byggingavöruframleiðsla* (júní 1996).

<sup>32</sup> *Evrópuverkefni á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja* (desember 1995).



Niðurstöður stefnumótunarinnar voru kynntar í október 1996.<sup>33</sup> Þar er m.a. litið til þess hvernig nota megi upplýsingatæknina á sem flestum sviðum án þess að ganga svo langt að menningu þjóðarinnar og vernd viðkvæmra persónuupplýsinga verði stefnt í hættu. Lögð er áhersla á hve mikilvægt sé að upplýsingar verði gerðar fólki aðgengilegar án tillits til efnahags eða búsetu og að því verði gert kleift að menntast alla ævi og læra ný störf eftir þörfum. Enn fremur að upplýsingaiðnaðurinn verði öflug atvinnugrein sem geti stuðlað að auknum útflutningi.

Ákveðið var að forsætisráðuneytið hefði yfirumsjón með framkvæmd stefnunnar og að ríkisstjórnin kæmi því svo fyrir að ráðuneytin hefðu hvert um sig fé á sérstökum fjárlagalið til þess að standa straum af verkefnum á sviði upplýsingatækni.

## Endurskoðun laga um Rafmagnseftirlit ríkisins

Nefndin var skipuð í júní 1995 til að endurskoða löggjöf um Rafmagnseftirlit ríkisins. Markmiðið var að koma á heilsteyptu og skilvirku rafmagnseftirliti í landinu. Enn fremur var haft til hliðsjónar það markmið ríkisstjórnarinnar að koma á nýskipan í ríkisrekstri. Nefndin lauk störfum í október 1995 og skilaði ráðherra tillögu um endurskipulagningu raforkumála.<sup>34</sup>

## Endurskoðun á ákvæðum einkaleyfalaga

Nefndin var skipuð í júní 1995 til að endurskoða ákvæði einkaleyfalaga nr. 17/1991 með hliðsjón af þjóðréttarlegum skuldbindingum sem stafa af samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og EES-samningnum. Nefndin skilaði til ráðherra tillögu að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi.<sup>35</sup>

## Nefnd um endurskoðun á ákvæðum vörumerkjalaga

Nefndin var skipuð sumarið 1995 til að endurskoða ákvæði laga um vörumerki með hliðsjón af þjóðréttarlegum skuldbindingum vegna EES-samningsins. Í nóvember 1996 skilaði nefndin tillögu að frumvarpi til laga um vörumerki.<sup>36</sup>

---

<sup>33</sup> Sjá: *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið* (október 1996) og *Íslenska upplýsingasamfélagið, álitgerð starfshópa* (október 1996).

<sup>34</sup> Um þær breytingar sem fylgdu í kjölfarið sjá m.a. kafla III.2.

<sup>35</sup> Lög nr. 36/1996.

<sup>36</sup> Lög nr. 345/1997.

## Nefnd um samkeppnishæfni sauma- og þrjónastofa

Í maí 1996 var skipuð nefnd til að kanna hvernig bæta mætti samkeppnisstöðu textíliðnaðarins. Nefndinni var falið að athuga sérstaklega vörubrúun og markaðssókn. Hún lauk störfum í júlí 1996 og var helsta niðurstaðan sú að forsenda þess að auka mætti samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar væri að komið yrði á fót sérstöku fagráði. Hlutverk þess yrði að leiða saman fyrirtæki í greininni og skapa þannig nauðsynlegan grundvöll fyrir viðreisn hennar.<sup>37</sup>

Fagráð fyrirtækja í textíliðnaði var stofnað í mars 1997. Nokkrum mánuðum síðar var hleypt af stokkunum sérstöku þriggja ára átaksverkefni í textíliðnaði á vegum fagráðsins og með þátttöku ráðuneytisins. Átaksverkefnið er í umsjá Iðntæknistofnunar.

## Nefnd um sóknarfæri íslensks tónlistariðnaðar

Tónlistariðnaður er ein þeirra atvinnugreina sem hafa ekki notið mikillar athygli opinberra aðila, þ.e.a.s. tónlistariðnaður sem framleiðslugrein. Vorið 1996 var skipuð nefnd til að kanna rekstrarumhverfi tónlistarframleiðenda og bera það saman við umhverfi hliðstæðrar framleiðslu erlendis. Nefndinni var einnig ætlað að kanna möguleika á sérstöku útflutningsátaki.

Í niðurstöðum sínum<sup>38</sup> lagði nefndin áherslu á að stjórnvöld viðurkenndu þá mismunun sem nú á sér stað milli listgreina við innheimtu virðisaukaskatts. Það yrði gert með því að halda eftir hluta þess skatts sem innheimtur er af tónlistariðnaði. Lagt var til að árlega yrði reiknaður út mismunur þess skatts sem innheimtur er af hljómplötum (24,5%) og þess skatts sem innheimtur væri ef skatthlutfallið væri hið sama og á bókum (14,5%). Mismunurinn yrði settur í sjóð sem styrkti útflutning íslenskrar tónlistar. Þá taldi nefndin brýnt að greinin nyti sama aðgangs og aðrar atvinnugreinar að Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóði. Enn fremur benti hún á að utanríkisþjónustan og Útflutningsráð yrðu í auknum mæli að koma til aðstoðar við kynningu og markaðssetningu íslenskrar tónlistar.

Eftir að niðurstöður starfshópsins lágu fyrir samþykkti ríkisstjórnin að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skipa vinnuhóp er fengi það hlutverk að meta, útfæra og fylgja eftir tillögum starfshópsins. Vinnuhópurinn var skipaður í september 1997 og er stefnt að því að hann ljúki störfum í byrjun árs 1999.

---

<sup>37</sup> Tillögur nefndarinnar er að finna í ritinu: *Samkeppnisstaða textíliðnaðar* (júlí 1996).

<sup>38</sup> *Íslenskur tónlistariðnaður: aukin sóknarfæri* (febrúar 1997).

## Nefnd um rekstrarumhverfi kvikmyndaiðnaðar

Líkt og nefnd um sóknarfæri íslensks tónlistariðnaðar var ofangreindri nefnd falið að kanna rekstrarumhverfi kvikmyndaiðnaðarins og möguleika á sérstöku útflutningsátaki. Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum í byrjun árs 1999.

## Nefnd um aukinn útflutning á vörum sem tengjast íslenska hestinum

Haustið 1996 var skipuð nefnd til að koma með tillögur um aðgerðir til að auka útflutning á vörum tengdum íslenska hestinum. Nefndinni var falið að kanna markaðssvæði framleiðslunnar og að benda á leiðir til að nálgast helstu markhópa.

Nefndin skilaði skýrslu í júlí 1997.<sup>39</sup> Þar kom m.a. fram að áætlað er að útflutningstekjur vegna íslenska hestsins séu um 1-1,5 milljarður kr. á ári. Lagt er til að ráðuneyti iðnaðar, landbúnaðar og samgangna stuðli að eflingu þessarar greinar og auknum útflutningi á vörum, þekkingu og þjónustu og stuðli að ferðaþjónustu tengdri íslenska hestinum. Enn fremur benti nefndin á þörf fyrir eflingu sameiginlegs markaðsstarfs allra þeirra sem að atvinnugreininni koma og þörf á að aflað verði upplýsinga um erlenda markaði. Í því sambandi stakk nefndin sérstaklega upp á að haldin yrði alþjóðleg hesta- og hestavörusýning á Íslandi. Í samvinnu við samgöngu- og landbúnaðarráðuneyti athugaði ráðuneytið síðan þá hugmynd nánar og er nú ráðgert að halda slíka sýningu hérlendis árið 2001.

## Aukin endurnýting hjólbarða

Nefndin var skipuð af iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra sameiginlega í október 1996. Tilfni þess var fyrst og fremst sú staðreynd að um leið og verið er að flytja inn notaða hjólbarða erlendis frá til endurnýtingar er miklu af notuðum hjólbörðum hent. Nefndinni var falið að setja fram tillögur til að snúa þessu við og leggja þannig grunninn að aukinni verðmæta- og atvinnusköpun hér á landi, en stuðla um leið að aukinni umhverfisvernd.

Í niðurstöðum nefndarinnar er m.a. stungið upp á að lagt verði umhverfisgjald á hjólbarða. Innheimt gjöld yrðu notuð til þess að greiða fyrir endurnýtingu. Enn fremur var varpað fram þeirri hugmynd að ráðist yrði í eins árs tilraunaverkefni með söfnun, flokkun og endurnýtingu fólksbílahjólbarða að markmiði.

## Nefnd um hugbúnaðargerð ríkisins

Nefndin var skipuð í janúar 1997 til að meta umfang hugbúnaðargerðar ríkisstofnana og gera tillögur um á hvern hátt henni yrði best komið á almennan

---

<sup>39</sup> *Vörur og þjónusta tengd íslenska hestinum: aukinn útflutningur (júlí 1997).*

samkeppnismarkað. Nefndin skilaði niðurstöðum til ráðherra í lok árs 1997,<sup>40</sup> þar sem fram kemur að um 30% þess hugbúnaðar sem ríkisstofnanir keyptu á árinu 1996 voru unnin hjá ríkisstofnunum. Til þess að ýta undir að hugbúnaðargerð ríkisins verði komið á almennan markað er lagt til að stofnanirnar móti og framfylgi stefnu í upplýsingamálum sem feli í sér skýra útboðsstefnu. Nú hefur slík stefna verið tekin upp, m.a. með útgáfu handbókar um innkaup hugbúnaðar.

## Nefnd um ytri skilyrði hugbúnaðariðnaðar

Nefndin var skipuð í desember 1997 í samræmi við markmið í heildarstefnumótun ríkisins um upplýsingasamfélagið og virkjun upplýsingatækninnar til að bæta samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega og greiða fyrir nýsköpun atvinnulífsins. Nefndin lauk störfum í mars 1998.<sup>41</sup> Settar voru fram nokkrar tillögur um breytingar til bóta á tekju- og eignarskattsumhverfi hugbúnaðarfyrirtækjanna og hafa þær tillögur verið kynntar fjármálaráðuneyti.

## Nefnd til að undirbúa setningu sérlaga um plöntuvernd

Nefndin var skipuð í janúar 1996 til að undirbúa setningu sérlaga um plöntuvernd skv. fyrirmynd í lögum annarra Norðurlandþjóða. Nefndin skilaði tillögum um breytingar á ákvæðum einkaleyfalaga í janúar 1997.<sup>42</sup>

## Nefnd um úrvinnslu málma frá stóriðjuverum

Nefndin var skipuð í árslok 1996 í tilefni af því að ljóst þótti að innlend álframleiðsla stórykist á næstu árum. Henni var falið að gera tillögur um hvernig greiða mætti fyrir aukinni nýtingu áls og annarra léttmálma hér á landi. Nefndin skilaði niðurstöðum til ráðherra í september 1997.<sup>43</sup> Þar kemur fram að notkun léttmálma í ýmsum atvinnugreinum fer vaxandi. Bent var á hve mikilvægt væri að Íslendingar gæfu þessari þróun gaum, en forsenda þess að úrvinnslufyrirtæki dafni, segir í tillögum nefndarinnar, er að innviðir atvinnugreinarinnar verði treystir. Til þess að styrkja þessa innviði var lagt til að komið yrði á föstum samráðsvettvangi – Málmgarði – með aðild mennta- og rannsóknarstofnana, iðnaðarráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins. Málmgarður tók til starfa fyrir á þessu ári og er hann til húsa hjá Iðntæknistofnun.

---

<sup>40</sup> Tillögur nefndarinnar er að finna á heimasíðu ráðuneytisins: <http://www.stjr.is/ivr>.

<sup>41</sup> Tillögur nefndarinnar er að finna á heimasíðu ráðuneytisins: <http://www.stjr.is/ivr>.

<sup>42</sup> Lög nr. 132/1997 um breytingar á lögum um einkaleyfi.

<sup>43</sup> *Úrvinnsla léttmálma skapar verðmæti og atvinnu* (september 1997).

## Nefnd um stuðning við atvinnurekstur kvenna

Í janúar 1997 skipaði ráðherra nefnd til að meta þörf á sérstökum stuðningsaðgerðum sem taki mið af þörfum kvenna í atvinnurekstri. Helstu verkefni hennar voru að kynna sér með hvaða hætti staðið er að stuðningi stjórnvalda við atvinnurekstur kvenna í ýmsum nágrennalöndum okkar, sérstaklega í Svíþjóð, Kanada og á vegum ESB. Enn fremur var nefndinni falið að leggja mat á þörf sértækra aðgerða á þessu sviði hér á landi, m.a. með könnun á viðhorfi kvenna í fyrirtækjarekstri til slíkra aðgerða.

Nefndin lauk störfum í byrjun nóvember 1998 og skilaði til ráðherra ítarlegri skýrslu.<sup>44</sup> Meginniðurstöður nefndarinnar eru þær að eins og málum sé nú háttáð nýtist kraftar kvenna til atvinnureksturs ekki sem skildi. Nefndin telur að aðstæður kvenna til atvinnureksturs séu verri en karla og að helsta ástæðan sé sú að konur beri almennt meiri ábyrgð á fjölskyldunni. Eftir því sem atvinnulífið lagar sig betur að þörfum fjölskyldunnar munu möguleikar kvenna til eigin atvinnureksturs aukast.

Nefndin telur að stjórnvöld geti með ýmsum hætti stuðlað að því að starfskraftar kvenna nýtist efnahagslífinu betur. Þannig geti stjórnvöld t.a.m. beitt sér fyrir því að almennar stuðningsaðgerðir við atvinnurekstur taki betur mið af þörfum kvenna. Nefndin leggur til að sérstakir starfsmenn sérhæfi sig í ráðgjöf við konur í atvinnurekstri, að sérstaklega verði hugað að stuðningi við atvinnugreinar þar sem konur eru í meirihluta og að konur verði hvattar til að hasla sér völl í hefðbundnum karlagreinum. Til þess að auka og efla samvinnu og samstöðu kvenna í atvinnurekstri er enn fremur lagt til að stjórnvöld beiti sér fyrir því að koma á fót sérstöku tengslaneti fyrir konur í atvinnurekstri. Þá er lagt til að lánatryggingasjóður kvenna verði eflur þannig að fleiri konum nýtist sjóðurinn.

## Nefnd um samkeppnisstöðu íslensks lyfjaiðnaðar

Nefndin var skipuð í kjölfar ábendingar frá Samtökum iðnaðarins um að brýnt væri að auka hlutdeild íslenskrar framleiðslu á innlendum lyfjamarkaði. Henni var falið að íhuga hvernig bæta mætti samkeppnisstöðu lyfjaiðnaðarins bæði innan lands og utan, en jafnframt að benda á leiðir til að lækka lyfjakostnað ríkis og einstaklinga.

Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðherra í júní 1998.<sup>45</sup> Þar er lagt til að íslenskir lyfjaframleiðendur haldi áfram að einbeita sér að framleiðslu svokallaðra samheitalyfja (eftirlíkingalyfja), að þeir einbeiti sér að framleiðslu lyfja sem lenda síður í samkeppni við stóra alþjóðlega lyfjaframleiðendur og að komið verði á samstarfi á milli lyfjaframleiðenda og heilbrigðisyfirvalda til að bæta lyfjanotkun og lækka lyfjakostnað (t.d. með því að koma á sérstökum lyfjalista). Enn fremur er lagt til að stjórnvöld tryggi að opinber gjöld af aðföngum lyfjaiðnaðar íþyngi ekki innlendra framleiðslu í samanburði við innflutt lyf.

---

<sup>44</sup> *Atvinnurekstur kvenna* (nóvember 1998).

<sup>45</sup> *Samkeppnisstaða íslensks lyfjaiðnaðar* (júní 1998).

## Einkaleyfi og samkeppnishæfni Íslands

Tilfni þess að nefndin var stofnuð var að við mat á samkeppnishæfni Íslands hefur komið í ljós að hlutfallslega eru Íslendingum veitt færri einkaleyfi en aðilum í nágrannalöndunum. Þar sem atvinnuþróun komandi ára mun að verulegu leyti byggjast á hagnýtingu vísindalegrar þekkingar er ljóst að skortur á einkaleyfum getur skaðað samkeppnishæfni atvinnulífsins ef ekkert verður að gert.

Nefndin var skipuð í apríl 1998 og falið að greina ástæður þess að ekki eru gefin út fleiri einkaleyfi en raun ber vitni. Enn fremur að gera tillögur um hvernig unnt sé að auka vernd eignarréttar með einkaleyfum. Nefndin hefur ekki lokið störfum.

## Nefnd um fyrirkomulag rafmagnsöryggismála

Nefndin var skipuð í september 1998 til að meta árangur af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála á þessum áratug. Einkum er vinnuhópnum ætlað að meta hvaða þróun hefur orðið varðandi eftirlit raforkuvirkja, bæði lágspenntra og háspenntra, öryggi neytenda, tilkostnað við rafmagnseftirlit, flutning og notkun raforku og hvernig til hefur tekist við að auka ábyrgð eigenda og umráðamanna raforkuvirkja og þeirra fagmanna sem að raforkumálum koma. Nefndin hefur ekki lokið störfum.

## Nefnd um hugsanlega fjárfestingu og starfsemi kvikmyndaframleiðandans Miramax/Dimension hérlendis

Nefndin var skipuð í október 1998 til að kanna ofan í kjölinn hvaða tækifæri kunna að felast í yfirlýstum áhuga kvikmyndaframleiðandans Miramax/Dimension eða annarra slíkra aðila á starfsemi hér á landi og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir vegna þess. Nefndin hefur ekki lokið störfum.

## 2. Verkefnanefndir – auðlindir og orkunýting

### Nefnd um mannaflapörf vegna stóriðju

Í lok árs 1995 þótti sýnt að fjárfesting erlendra aðila í stóriðju myndi stórauðkast. Nefndin var skipuð til að kanna mannaflapörf og þekkingar- og hæfniskröfur vegna væntanlegrar stóriðju og virkjanaframkvæmda henni tengdar. Nefndin skilaði skýrslu í mars 1996.<sup>46</sup> Í skýrslunni er lýst áætlaðri þörf fyrir mannafla vegna stækkunar Ísal annars vegar, en vegna líklegrar þróunar stóriðju

---

<sup>46</sup>Mannaflapörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda (mars 1996).

hins vegar.

Haustið 1997 var hins vegar ljóst að forsendur skýrslunnar höfðu breyst. Stóriðjukostir sem taldir voru líklegir höfðu frestast, en aðrir komið í staðinn. Ráðherra ákvað því að óska eftir að fyrri áætlanir yrðu endurmetnar. Niðurstöðurnar voru lagðar fram í ársbyrjun 1998 og lýsa áætlaðri mannaflapörf á árunum 1998-2005.<sup>47</sup> Þar kemur m.a. fram að eftirspurn vegna mannafla árin 1998-1999 verður um 1200 manns, en mest verður mannaflapörf um 2500 manns árið 2004. Í tillögunum var m.a. lagt til reynt yrði að haga framkvæmdum þannig að eftirspurn eftir mannafla yrði eins jöfn og kostur væri. Þá var bent á að vegna stóriðjuframkvæmda væri mikilvægt að huga að hæfniskröfum og starfsmenntun, sérstaklega í málmiðnaði.

## Nefnd um eignarrétt á auðlindum í jörðu og rétt til virkjana fallvatna

Nefndin hóf störf haustið 1995 til að undirbúa löggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu og virkjunarrétt fallvatna. Nefndin skilaði tillögu að frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu haustið 1996 og á grundvelli hennar var frumvarp lagt fyrir Alþingi á vorþingi 1997. Frumvarpið var lagt fram að nýju á haustþingi 1997, en lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu voru samþykkt á vorþingi 1998.<sup>48</sup>

## Nefnd um endurskoðun á starfsemi Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar

Nefndin var skipuð í september 1995 og skilaði tillögum sínum til ráðherra í febrúar 1996. Þar var lagt til að meginhlutverk Orkustofnunar yrði óbreytt, hún hefði áfram með höndum yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar. Hins vegar var lagt til að rannsóknarvinna yrði í auknum mæli keypt eða boðin út á almennum markaði og að stofnunin drægi úr sölu á ýmiss konar þjónusturannsóknum til orkufyrirtækja og annarra. Jafnframt var lagt til að kannaðir yrðu möguleikar á að orkufyrirtækin tækju þátt í að stofna félag um þau verkefni sem þannig myndu færast frá stofnuninni.

Nefndin fjallaði einnig um starfsemi Iðntæknistofnunar og komst að þeirri niðurstöðu að ástæða væri til að kanna nánar sameiningu hennar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Helsta ávinning slíkrar sameiningar telur nefndin vera að með henni myndaðist öflugri samstæð rannsóknaheld sem m.a. gæti af meiri krafti sótt í erlend verkefni auk þess sem hún ætti að geta lækkað rekstrarkostnað.

Í kjölfar þessa nefndarstarfs var sett ný reglugerð um Orkustofnun þar sem kveðið er á um fjárhagslegan aðskilnað þess hluta stofnunarinnar sem stundar samkeppnisrekstur frá öðrum þáttum í starfsemi hennar. Unnið er að sams konar

---

<sup>47</sup>Mannaflapörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda 1998-2005 (janúar 1998).

<sup>48</sup>Lög nr. 57/1998. Sjá nánar um þau í kafla II.2.

aðskilnaði í rekstri Iðntæknistofnunar.

## Viðræðunefnd eignaraðila Landsvirkjunar um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins

Nefndin var skipuð í mars 1996 að ósk og frumkvæði Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, meðeigenda ríkisins í Landsvirkjun. Tilfnið var umræða um hugsanlegan áhuga sveitarfélaganna á að selja hlut sinn í fyrirtækinu og vaxandi kröfur um arðgreiðslur til eigenda. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að hrófla um of við rekstrargrunni fyrirtækisins í náninni framtíð með meiriháttar breytingum á rekstrarformi eða eignarhaldi. Aftur á móti voru gerðar tillögur um breytingar er lúta að breyttri stjórnskipan fyrirtækisins. Sett voru markmið um arðgreiðslur til eigenda sem og markmið um lækkun raforkuverðs á næstu árum. Nefndin gerði tillögu að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1997.<sup>49</sup>

## Nefnd um endurskoðun orkulöggjafar

Vorið 1996 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að koma með tillögur um endurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning og dreifingu orku. Meginmarkmiðið með þessari endurskoðun var að leggja grunn að hagkvæmri framtíðarskipan í orkumálum þjóðarinnar. Nefndinni var falið að kanna hvernig auka mætti skilvirkni í starfsemi á orkusviðinu, auka samkeppni (þó þannig að hún stuðli að jöfnun orkuverðs), tryggja gæði og þjónustu sem og hvernig auka mætti sjálfstæði orkufyrirtækja og ábyrgð stjórnenda.

Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra í október 1996.<sup>50</sup> Meginniðurstöður nefndarinnar voru að aðskilja bæri vinnslu, flutning, dreifingu og sölu rafmagns, að stofnað yrði sjálfstætt fyrirtæki, Landsnet um meginflutningskerfi raforku, og að raforkuvinnslu og kaup og sölu raforku bæri að gefa frjálst í áföngum.<sup>51</sup>

## Nefnd um olíuleit við Ísland

Nefndin var skipuð í september 1997 og lauk störfum í ágúst 1998.<sup>52</sup> Í niðurstöðum kemur m.a. fram að hún telur ekki útilokað að í setlögum fyrir Norðurlandi geti verið olía eða gas. Þótt líkurnar séu minni en svo að þær freisti olíuleitarfélaga að svo stöddu leggur nefndin til að rannsóknum á þessu svæði verði haldið áfram.

---

<sup>49</sup> Lög nr. 9/1997. Sjá líka kafla II.2 hér að ofan.

<sup>50</sup> *Framtíðarskipan orkumála: tillögur um breytingar* (október 1996).

<sup>51</sup> Sjá nánar um endurskoðun orkulaga í kafla II.2.

<sup>52</sup> *Leit að olíu við Ísland og á nálægum hafsbotni: skýrsla starfshóps iðnaðarráðherra* (október 1998).



Nefndin fjallaði einnig um hugsanlega olíu í landgrunninu kringum Jan Mayen. Frumrannsóknnum á svæðinu er lokið, en seinna á árinu 1998 áforma Norðmenn rannsóknarborun í landgrunni Noregs. Lagt er til að Íslendingar auki samskipti og samvinnu við Norðmenn á þessu sviði. Þá tók nefndin einnig til athugunar aðstæður á Hatton-Rockall-svæðinu. Þar eru taldar mestar líkur á að olíu sé að finna, en réttindi Íslendinga séu þar óviss og því mikilvægt að þeir hugi að réttarstöðu sinni þar.

## **Nefnd um lækkun húshitunarkostnaðar**

Nefndin var skipuð í nóvember 1995. Henni var m.a. falið að stuðla að aukinni þekkingu almennings á leiðum til að draga úr notkun orku til hitunar íbúðarhúsnæðis, að stuðla að því að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hitunarþörf húsa og hitunarbúnað, að sjá til þess að þeir sem nota meiri orku en eðlilegt getur talist til að hita híbýli sín eigi kost á ráðgjöf um hvernig draga megi úr henni, svo sem með betri einangrun og stillingu hitunarkerfa, og að stuðla að því að húseigendur hafi aðgang að lánnum til orkusparnaðar.

Hópurinn skilaði tillögum í maí 1998 og er nú unnið að því að hrinda þeim í framkvæmd. Markmið þeirra aðgerða sem starfshópurinn stingur upp á er lækkun húshitunarkostnaðar, sérstaklega á rafhitunarsvæðum. Hópurinn taldi að einkum bæri að horfa til þeirra húseigenda á rafhitunarsvæðum sem nota óeðlilega mikla orku miðað við stærð og gerð húsnæðis.

## **Nefnd um orkukostnað notenda smærri hitaveitna**

Nefndin var skipuð í júlí 1997. Henni var falið að kanna heildarorkukostnað notenda lítilla hitaveitna. Í kjölfarið var henni falið að gera tillögur um hvernig unnt væri að rétta við fjárhag þeirra veitna sem eiga í miklum fjárhagserfiðleikum og þar sem notendur búa við háan orkukostnað. Nefndin lagði til að nokkrum þessara hitaveitna yrði veittur styrkur til að lækka skuldir þeirra við ríkissjóð.

## **Nefnd um nýtingu innlendra orkugjafa**

Meginhlutverk nefndarinnar, sem var skipuð í júlí 1997, er að gera tillögur um aukna hlutdeild innlendra orkugjafa (s.s. rafmagns og vetnis) í orkubúskap landsmanna og íhuga jafnframt möguleika á útflutningi þeirra. Nefndin hefur ekki lokið störfum.

## **Viðræðunefnd við Daimler-Benz um tilraunir með vetni sem orkugjafa**

Nefndinni var falið að annast viðræður við þýska stórfyrirtækið Daimler-Benz um samstarf um tilraunir með vetni sem orkugjafa á Íslandi og gera í framhaldi af því tillögur til ráðherra þar að lútandi. Nefndin var skipuð í maí 1998 og hefur ekki lokið störfum.

### 3. Verkefnanefndir – samkeppnis-, neytenda- og viðskiptamál

#### Nefnd til að semja frumvarp til laga um þjónustukaup

Nefndin var skipuð um mitt ár 1995 til að semja frumvarp sem tæki til þeirra sem selja neytendum þjónustu, s.s. iðnaðarmanna. Nefndin skilaði tillögum í lok árs 1996. Frumvarp um þjónustukaup var lagt fram á Alþingi haustið 1997, en var ekki afgreitt. Frumvarpið var endurflutt í haust og er þess vænst að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi.<sup>53</sup>

#### Nefnd til að semja frumvarp til laga um innheimtustarfsemi

Nefndin hóf störf í febrúar 1996 og skilaði ráðherra tillögu að frumvarpi í lok mars sama ár. Endurskoðað frumvarp til laga um innheimtustarfsemi var lagt fram í upphafi haustþings 1998 og er vonast til að það verði að lögum á yfirstandandi þingi. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra verði heimilt að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.<sup>54</sup>

#### Nefnd um opinber fyrirtæki í samkeppni við fyrirtæki á frjálsum markaði

Nefndin var skipuð í ágúst 1995 til kanna hvaða opinber fyrirtæki og stofnanir eða fyrirtæki sem njóta opinberrar verndar væru í samkeppni við fyrirtæki á frjálsum markaði. Niðurstöður nefndarinnar lágu fyrir um mitt ár 1996 og er þar að finna lista yfir þær stofnanir og fyrirtæki á stjórnisýslusviði hinna ýmsu ráðuneyta sem nefndin tók til athugunar. Listanum er skipt í tvennt. Fyrst er talinn upp rekstur sem nefndin telur að sé stundaður í samkeppni við einkarekstur, en í síðari hlutanum getið um ýmsan opinberan rekstur sem nefndin telur að unnt væri að fela einkaaðilum eða er á mörkum þess að vera samkeppnisrekstur.

#### Nefnd um veitingu ábyrgða

Meginhlutverk nefndarinnar var að fara yfir það hvernig staðið væri að veitingu ábyrgða og gera tillögur til úrbóta eftir því sem við á. Í nóvember 1996 skilaði nefndin skýrslu til ráðherra<sup>55</sup> og er þar gerð ítarleg grein því hve mikið sé um ábyrgðir og hver sé réttarstaða ábyrgðarmanna. Helstu tillögur nefndarinnar voru eftirfarandi: að gripið yrði til aðgerða til að draga úr veitingu lána með ábyrgð þriðja aðila, að lög yrðu rýmkuð þannig að lánveitendum yrði gert auðveldara að fá upplýsingar um skulda- og vanskilastöðu lántaka og að gert yrði átak í fræðslu um

---

<sup>53</sup> Nánar er fjallað um frumvarpið í kafla III.2.

<sup>54</sup> Nánar er fjallað um inntak frumvarpsins í kafla III.2.

<sup>55</sup> *Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga* (nóvember 1996).

fjármál heimila og einstaklinga.<sup>56</sup>

### **Nefnd til að semja frumvarp til laga um verslunaratvinnu**

Nefndin var skipuð í október 1996 og henni falið að gera tillögu að frumvarpi til laga um verslunaratvinnu. Ný lög um verslunaratvinnu<sup>57</sup> voru samþykkt á vorþingi 1998 og taka þau gildi 1. janúar 1999.

### **Nefnd til að semja reglugerð um sölu notaðra ökutækja**

Nefndin vann að tillögu um reglugerð á grundvelli laga um sölu notaðra ökutækja. Í reglugerðinni er kveðið á um upplýsingaskyldu bifreiðasala og hvaða gögn skulu fylgja við sölu.<sup>58</sup>

### **Nefnd um stefnumörkun í málefnum neytenda**

Nefndin var skipuð í október 1998. Markmiðið með starfinu er að leggja grunn að samræmingu og betri skipulagningu starfs í þágu neytendaverndar hér á landi.<sup>59</sup>

## **4. Verkefnanefndir – fjármagnsmarkaður og fjárfesting**

### **Nefnd til að semja reglur um hámarksvexti á líftryggingaskuldbindingum**

Nefndin samdi reglugerð um hámarksvexti líftryggingaskuldbindinga með hliðsjón af ákvæðum þar um í EES-samningnum.<sup>60</sup>

### **Nefndir um hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna**

Nefndin var skipuð í ágúst 1995 til að finna lausnir á ýmsum álitafnum í tengslum við breytingu á ríkisviðskiptabönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka, í hlutafélög. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum vorið 1996. Frumvarp um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands var samið á

---

<sup>56</sup> Sjá nánari umfjöllun um veitingu ábyrgða í kafla III.2.

<sup>57</sup> Nr. 28/1998.

<sup>58</sup> Rg. nr.65/1997.

<sup>59</sup> Nánar er fjallað um hlutverk nefndarinnar og stefnumörkun í málefnum neytenda í kafla III.2.

<sup>60</sup> Rg. nr. 573/1995.

grundvelli þessa undirbúnings, en lögini tóku gildi vorið 1997.<sup>61</sup>

Eftir gildistöku laganna voru síðan skipaðar tvær undirbúningsnefndir til að undirbúa samþykktir fyrir hlutafélög bankanna og stofnefnahagsreikninga. Undirbúningsnefndirnar luku störfum fyrir á þessu ári.<sup>62</sup>

## Nefnd um endurskoðun á lögum um erlenda fjárfestingu

Nefndin var skipuð sumarið 1995 til að endurskoða lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, m.a. með hliðsjón af ákvæðum þar um í EES-samningnum, en enn fremur til að rýmka heimildir til erlendrar fjárfestingar héraðs. Nefndin lagði fram frumvarp til laga um endurskoðun á lögum sem samþykkt var árið 1996<sup>63</sup>. Nefndin vinnur nú að frekari endurskoðun laganna, en ekki liggur fyrir hvenær tillögur um breytingar verða lagðar fram.

## Nefnd um markaðssetningu íslenskra verðbréfa erlendis

Hlutverk nefndarinnar var að gera tillögur um hvernig staðið skyldi að markaðssetningu innlendra verðbréfa meðal erlendra fjárfesta. Nefndin skilaði tillögum til ráðherra í febrúar 1996.<sup>64</sup> Meginniðurstaðan var sú, að ef takast ætti að vinna íslenskum verðbréfum sess í hugum erlendra fjárfesta þyrftu bæði að koma til kynning á bréfunum erlendis og umbætur á innlendum verðbréfamarkaði. Í niðurstöðum nefndarinnar eru tillögur gerðar um framkvæmdina.

Unnið er að því að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd, m.a. með stofnun verðbréfamíðstöðvar.

## Nefnd um heimfærslu EES-réttar á váttryggingasviði

Nefndin var skipuð í ágúst 1995 til að semja frumvarp um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og ljúka þannig aðlögun íslensks réttar að ákvæðum EES-samningsins á sviði váttryggingamála. Ný lög tóku gildi vorið 1997.<sup>65</sup>

---

<sup>61</sup>Lög nr. 50/1997.

<sup>62</sup> Nánar er fjallað um þessa breytingu í kafla IV.2.

<sup>63</sup> Lög nr. 46/1996.

<sup>64</sup> *Álit og tillögur um markaðssetningu íslenskra verðbréfa meðal erlendra fjárfesta* (febrúar 1996).

<sup>65</sup>Lög nr. 63/1997.

## Nefnd um viðskiptahætti á skuldabréfamarkaði

Í október 1995 var skipuð nefnd til að kanna hvort viðskiptahættir helstu aðila á skuldabréfamarkaði væru eins og best verður á kosið. Sérstaklega var óskað eftir því að nefndin drægi fram í dagsljósið þær hindranir sem kynnu að vera í vegi eðlilegrar þróunar á markaðinum, t.d. varðandi vexti, sýnileika viðskipta, auðseljanleika og áhættumat skuldabréfa. Í áliti nefndarinnar<sup>66</sup> var bent á hversu miklu máli skipti að auka sýnileika viðskipta með skuldabréf, að tryggja auðseljanleika skuldabréfa, að kanna vaxtamyndun lánastofnanna, huga að sölufyrirkomulagi ríkisverðbréfa, að koma á áhættumati á skuldabréfaflokkum og að auka samkeppni á skuldabréfamarkaðinum.

Nefndin skilaði ítarlegum tillögum um hvernig bæta mætti viðskiptahætti á skuldabréfamarkaði og hafa margar þeirra náð fram að ganga.

## Nefnd til að semja reglugerðir um ársreikninga váttryggingafélaga og líftryggingafélaga

Nefndin samdi reglugerð um ársreikninga váttryggingafélaga og líftryggingafélaga með hliðsjón af ákvæðum þar um í EES-samningnum.<sup>67</sup>

## Nefnd um stofnun verðbréfamiðstöðvar

Nefndin var skipuð í febrúar 1996 og var falið að undirbúa stofnun verðbréfamiðstöðvar þar sem rafræn skráning eignarhalds á verðbréfum kæmi í stað pappírsvérðbréfa. Nefndin lauk störfum í ársbyrjun 1998 og skilaði til ráðherra tillögum um hvernig staðið skyldi að stofnun verðbréfamiðstöðvar.<sup>68</sup> Auk þess fylgdi tillaga að frumvarpi til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa<sup>69</sup>

Félag um verðbréfamiðstöð var stofnað sumarið 1997 og lög voru sett um starfsemina haustið 1997. Búið er við að verðbréfamiðstöðin hefji starfsemi árið 1999.

## Nefnd um samningu reglugerða um miðlun váttrygginga

Nefndin var skipuð í október 1996 og skilaði vorið 1997 til ráðherra tillögu að endurskoðun á reglugerð um miðlun váttrygginga.<sup>70</sup>

---

<sup>66</sup> *Endurbætur á innlendum skuldabréfamarkaði* (apríl 1996).

<sup>67</sup> Rg. nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga og rg. nr. 612/1996 sbr. br. nr. 677/1996, um ársreikninga og samstæðureikninga líftryggingafélaga.

<sup>68</sup> Sjá nánar um undirbúning að stofnun verðbréfamiðstöðvar í kafla IV.2.

<sup>69</sup> Nr. 131/1997.

<sup>70</sup> Rg. nr. 350/1997, um prófnefnd váttryggingamiðlara, námskeið og próf til þess að mega stunda

## Nefnd um endurskoðun eftirlits með fjármálastofnunum

Nefndinni var ætlað að taka afstöðu til þess hvernig eftirliti með stofnunum og félögum sem starfa á fjármagnsmarkaði yrði best háttað í framtíðinni. Nefndin lauk störfum í árslok 1997 og skilaði niðurstöðum sínum í formi skýrslu.<sup>71</sup> Í framhaldi af starfi nefndarinnar voru samin í ráðuneytinu frumvörp um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og fylgifrumvörp sem tengdust viðfangsefninu. Vorið 1998 voru síðan samþykkt lög um þetta efni.<sup>72</sup> Jafnframt var hafinn undirbúningur að stofnun Fjármálaeftirlits sem tæki við starfsemi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins 1. janúar 1999.<sup>73</sup>

## Nefnd um endurskoðun á lögum um Verðbréfaþing Íslands

Nefndin var skipuð í byrjun árs 1997 til að endurskoða lög um Verðbréfaþing Íslands. Meginmarkmið þeirrar endurskoðunar var að afnema einkarétt Verðbréfaþingsins til verðbréfastarfsemi og huga að löggjöf um aðra skipulagða tilboðsmarkaði. Nefndin skilaði tillögum að frumvarpi til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, auk fylgifrumvarps um nauðsynlegar breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti. Ný löggjöf tók gildi vorið 1998.<sup>74</sup>

## Nefnd um stöðu og hlutverk sparisjóðanna

Nefndin var skipuð í mars 1998 og henni falið að huga að stöðu og hlutverki sparisjóðanna á íslenskum fjármagnsmarkaði. Nefndinni var sérstaklega falið að huga að samkeppnisstöðu sparisjóðanna á markaðinum með hliðsjón af þeim breytingum á fjármagnsmarkaði sem fylgdu hlutfélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna og stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóðs. Nefndin hefur ekki lokið störfum.

## Nefnd um endurskoðun laga um verðbréfasjóði

Nefndin var skipuð í maí 1997 til að endurskoða lagaramma um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Verkefni nefndarinnar er að kanna, m.a. með hliðsjón af löggjöf nágrannalanda, hvort rétt sé að rýmka heimildir laganna. Jafnframt er henni ætlað að koma með tillögur um aðrar

---

miðlun vátrygginga, nr. 351/1997 um miðlun vátrygginga og nr. 352/1997 um vátryggingarskyldu vegna miðlunar vátrygginga. Allar reglugerðirnar tóku gildi 5. júní 1997.

<sup>71</sup> *Endurskoðun á opinberu eftirliti með fjármálastofnunum*, (janúar 1998).

<sup>72</sup> Nr. 87/1998.

<sup>73</sup> Um það er nánar fjallað í kafla IV.2.

<sup>74</sup> Lög nr. 34/1998 og lög nr. 35/1998. Sjá nánar um þessa nýju löggjöf í kafla IV.2.

breytingar á lögum um verðbréfasjóði sem hún kann að telja æskilegar.

Nefndin er enn að störfum, en hefur lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um verðbréfasjóði þar sem lagt er til að heimilt verði að stofna annars konar sjóði en þá sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

## **Nefnd um undirbúning að stofnun hlutafélags um VÞÍ**

Nefndin var skipuð í júní 1998 í kjölfar gildistöku laga um starfsemi kauphalla og skipulagðra tilboðsmarkaða,<sup>75</sup> en með þeim féll úr gildi einkaleyfi Verðbréfaþings Íslands til að stunda verðbréfaþingsstarfsemi. Skv. bráðabirgðaákvæði í lögnum er Verðbréfaþingi Íslands veittur frestur til 1. júlí 1999 til að laga starfsemi sína að nýjum lögum. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa stofnun hlutafélags um rekstur kauphalla sem taki við öllum réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands.

Nefndin er að ljúka störfum og er stefnt að því að hlutafélag um Verðbréfaþing Íslands taki við rekstri þess nú um áramótin.

## **Nefnd um verðtryggingarstefnu stjórnvalda**

Sú stefna var mörkuð árið 1995 að draga úr notkun verðtryggingar á skammtímaskuldbindingum í áföngum, en að leyfa hana áfram á skuldbindingum til langs tíma. Nefndin var skipuð í maí 1998 til að fjalla um hvort æskilegt væri að breyta verðtryggingarstefnu stjórnvalda enn frekar með hliðsjón af breyttum aðstæðum á fjármagnsmarkaði.

Í september 1998 skilaði nefndin niðurstöðum sínum til ráðherra. Þar er lagt til að takmörkunum á verðtryggingu á fjármagnsmarkaði verði viðhaldið enn um sinn, en að ekki verði settar neinar nýjar hömlur, að Seðlabankinn athugi setningu reglna um sérstaka eiginfjárbindingu vegna verðtryggingarhalla, að útgáfa óverðtryggðra bréfa verði aukin og að stjórnvöld beini þeim tilmælum til opinberra aðila að verðtryggja ekki samninga til skamms tíma. Enn fremur er lagt til að stjórnvöld dragi úr notkun vísitölubindingar í lögum, að lög um verðbótahækkun húsaleigu verði felld úr gildi og að við endurskoðun vaxtalaga verði tryggt að verðtryggingarákvæði þeirra hindri ekki nýjungar á fjármálamarkaði.

## **Nefnd um tryggingakerfi fyrir fjárfesta**

Nefndin var skipuð í ágúst 1998 til að semja frumvarp sem uppfylli ákvæði nýlegrar tilskipunar í EES-samningnum um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Stefnt er að því að í frumvarpinu verði kveðið á um sameiningu innstæðutryggingasjóða og nýs tryggingakerfis fyrir fjárfesta í einn tryggingasjóð fyrir innstæðueigendur og fjárfesta. Nefndin er að störfum.

---

<sup>75</sup> Lög nr. 34/1998.

# VII. Yfirlit yfir útgáfur

## 1. Iðnaður og nýsköpun

*Tengsl iðnaðar og sjávarútvegs.* (Nóvember 1995)

*Evrópuverkefni á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.* (Desember 1995)

*Efnisval og atvinnusköpun: Innlend byggingavöruframleiðsla.* (Júní 1996)

*Samkeppnisstaða textíliðnaðar.* (Júlí 1996)

*Bætt samkeppnisstaða Íslands til aukinnar verðmætasköpunar og atvinnu* (á ensku: *Icelandic Policy on Competitiveness: For Growth and Jobs*). (Ráðstefnurit, gefið út í samvinnu við fjármálaráðuneyti, september 1996)

*Íslenskur tónlistariðnaður: aukin sóknarfæri.* (Febrúar 1997)

*Vörur og þjónusta tengd íslenska hestinum: aukinn útflutningur.* (Júlí 1997)

*Úrvinnsla léttmálma skapar verðmæti og atvinnu.* (September 1997)

*Framsæknustu fyrirtæki og frumkvöðlar Íslands og Evrópu – forsendur velgengni.* (Gefið út í samvinnu við Samtök iðnaðarins, maí 1998)

*Samkeppnisstaða lyfjaiðnaðar.* (Júní 1998)

*Atvinnurekstur kvenna.* (Nóvember 1998)

## 2. Auðlindir og orkunýting

*Framtíðarskipan orkumála: tillögur um breytingar.* (Október 1996)

*Mannaflaþörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda.* (Mars 1996)

*Mannaflaþörf og sérhæfni vegna stóriðjuframkvæmda 1998-2005.* (Janúar 1998)

Anna Dóra Sæþórsdóttir, *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku.* (Gefið út í samvinnu við Landsvirkjun, janúar 1998)

*Leit að olíu við Ísland og á nálægum hafsbotni.* (Október 1998)



### 3. Samkeppnis-, neytenda- og verslunarmál

*Neytendafræðsla á Norðurlöndum.* (Febrúar 1996)

*Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga.* (Nóvember 1996)

*Lög um hlutafélög.* (Júlí 1997/janúar 1998)

*Lög um einkahlutafélög.* (Júlí 1997/janúar 1998)

### 4. Fjármagnsmarkaður og fjárfesting

*Álit og tillögur um markaðssetningu íslenskra verðbréfa meðal erlendra fjárfesta.*  
(Febrúar 1996)

*Endurbætur á innlendum skuldabréfamarkaði.* (Apríl 1996)

*Compendium of the Icelandic Financial Market Legislation.* (Apríl 1997)

*Structural Changes in the Financial Markets in Iceland – Information Memorandum.* (Ágúst 1997)

*Endurskoðun á opinberu eftirliti með fjármálastofnunum.* (Janúar 1998)